


skoðun 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk




## Orkugarður á Sólheimum

*Orkugarður opnar á Sólheimum í Grímsnesi í dag. Þar gefur að líta vindmyllur, sólarsellur og smávirkjun.*

FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
6. júlí 2012
157. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Sjón til Bandaríkjanna

*Bandaríska forlagið Farrar, Straus & Giroux hyggst gefa út verk Sjóns.*

menning 26

## Á fjórðung listans

*Helgi Björnsson á fimm plötur á lista yfir 20 söluhæstu plötur landsins.*

fólk 34



## Tæpir sigrar KR og FH

*FH vann nauman sigur í forkeppni Evrópudeildar. KR marði sigur á Fylki og skaust á topp Pepsi-deildar.*

sport 30

## veðrið í dag




**BJART SA-LANDS** Í dag verður vindur víða hægur en að 10 m/s NV-til. Skýjað að mestu V-lands og smá súld en bjart SA-til. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4




**SIGLA SINN SJÓ** Ef erfitt er um nýliðun í sjávarútvegi þá er það greinilega ekki vegna áhugaleysis eða vankunnáttu. Þessir ungu sæfarar frá Siglingaklúbbnum Ými í Kópavogi báru sig sem sigldir væru þegar ljósmyndari Fréttablaðsins sneri linsunni frá landi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Aðbúnaður á Kópavogshæli rannsakaður

**Vistheimilisnefnd rannsakar hvort fötluð börn á Kópavogshæli hafi sætt illri meðferð. Þroskahjálp hefur kallað eftir slíkri rannsókn. Nefndin getur gert tillögu um að greiða út sanngirnisbætur.**

**STJÓRNSÝSLA** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur endurskipað í nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Þetta var kynnt í ríkisstjórn á miðvikudag. Nefndin mun rannsaka starfsemi Kópavogshælis og hvort börn sem þar voru vistuð hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi á meðan á dvölinni þar stóð.

Nefndin á einnig að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með Kópavogshæli var háttað og gera tillögur til stjórnvalda um viðbrögð ef ástæða þykir til. Þá skal hún gera tillögur um rannsókn á öðrum stofnunum þar sem fötluð börn voru vistuð, þyki ástæða til þess.

Hrefna Friðriksdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, er formaður nefndarinnar. Hún segir að nefndinni sé, eins og í fyrri rannsóknum, ætlað að lýsa starfsemi stofnunarinnar.

„Okkur er falið að lýsa starfsemi Kópavogshælis, að því er varðar börn með fötlun sem dvöldust þar, tildrög þess að þau voru vistuð þar og hvort, og þá í hvaða mæli, þau hafi sætt illri meðferð.“

Hrefna segir að sér sé ekki kunnugt um dæmi um slíkt á Kópavogshæli, en ákveðið hafi verið að rannsaka stofnunina á sama máta og gert var til dæmis við unglingaheimili ríkisins. Kópavogshæli hafi verið eyrnamerkt sem búsetuúrræði fyrir börn með mikla fötlun og því hafi verið talið rétt að byrja þar.

Hvað mögulegar sanngirnisbætur varðar segir Hrefna að um þær gildi lög. Þau eigi við um allar stofnanir eða heimili sem falla undir þau lög sem nefndin vinnur eftir. Nefndin taki ekki beinar ákvarðanir um mögulegar úrbætur, en geri tillögur til stjórnvalda.

„Ég get sagt það hér og nú að nefndin hlýtur að líta til bæði verklags og þeirra skýrslna sem vistheimilisnefnd hefur skilað fram að þessu.“

> Börn á Kópavogshæli voru vistuð með fullorðnu fólki og sumt af því gat sýnt af sér erfiða hegðun.
>
> **GERÐUR A. ÁRNADÓTTIR**
> FORMAÐUR STJÓRNAR ÞROSKAHJÁLPAR

Gerður Aagot Árnadóttir, formaður stjórnar Þroskahjálpar, segir samtökin fagna þessari rannsókn. Þau hafi farið fram á að aðbúnaður fatlaðra barna sem vistuð voru á vegum ríkisins yrði skoðaður líkt og ófatlaðra.

„Þessi ósk okkar byggir ekki á sérstakri ætlun um að farið hafi verið illa með fötluð börn. Hins vegar er það svo að aðbúnaður þessara barna var misgóður.

Börn á Kópavogshæli voru vistuð með fullorðnu fólki og sumt af því gat sýnt af sér erfiða hegðun. Uppeldisskilyrði þessara barna voru því kannski ekki eins góð og þau hefðu átt að vera, þó það sé auðvitað mjög mismunandi.“

- kóp






Fyrirtækið Pure Adventures býður ferðamönnum að gista á Langjökli:

# Selja ferðamönnum gistingu á jökli í fyrsta sinn hér á landi

**FERÐIR** Fyrirtækið Pure Adventures skipuleggur ferðir upp á Langjökul í samstarfi við Add Ice og gefst ferðamönnum nú í fyrsta sinn kostur á að eyða nótt uppi á jökli. Fyrsta ferðin var farin á mánudag, en eftir ferð á toppinn er gist í tjaldbúðum í 1.200 metra hæð.

Pétur Haukur Loftsson, starfsmaður hjá Pure Adventures, segir það einstaka upplifun að eyða nótt uppi á Langjökli enda sé friðsældin mikil. „Þögnin er algjör, maður heyrir ekkert nema mögulega í einstaka flugvél. Svo vaknar maður morguninn eftir með einstakt útsýni sem má hiklaust kalla milljón dala útsýni,“ segir hann.



> Þögnin er algjör, maður heyrir ekkert nema mögulega í einstaka flugvél.
>
> **PÉTUR HAUKUR LOFTSSON**
> STARFSMAÐUR HJÁ PURE ADVENTURES

Fyrsta ferðin var farin á mánudag og þótti vel lukkuð. Boðið er upp á þrjár ólíkar ferðir á jökulinn. Sú fyrsta felur í sér akstur til og frá Reykjavík ásamt jöklaferðinni, næsta inniheldur einungis jöklaferðina og hentar því vel ferðamönnum sem eru á eigin bíl og loks er boðið upp á Gyllta hringinn á bakaleiðinni í þeirri þriðju. Ferðirnar kosta frá 65 þúsund til 85 þúsund krónur á mann og er tólf ára aldurstakmark.

- sm / sjá síðu 34




## SPURNING DAGSINS



*Þór, verður þetta allt saman samkvæmt uppskriftinni?*

„Uppskrift er góður grunnur en við munum bragðbæta og krydda þættina með hnífsoddum af skemmtun, spennu og íslenskri matreiðslu. Og það má líka nota mysu.“

Þór Freysson er framleiðandi hjá Saga Film sem hefur veg og vanda af íslenskri útgáfu af Masterchef þar sem íslenskir kokkar etja kappi.

Kínverskur ísbrjótur á leið til Íslands í ágúst í rannsóknarleiðangur:

# Ísbrjótur kannar norðurslóðir

**NÁTTÚRA** Kínverski ísbrjóturinn Snædrekinn er á leið til landsins frá Kína. Ísbrjóturinn er í vísinda- og rannsóknarleiðangri á norðurslóðir og fer með fram Rússlandi og Noregi svokallaða norðausturleið. Hann mun svo hafa viðkomu á Íslandi í ágúst í boði stjórnvalda.

Ferð Snædrekans mun styrkja enn frekar rannsóknasamstarf landanna tveggja á sviði norðurslóðarannsókna, segir Rannís í fréttatilkynningu um málið. Ríkin hafa í auknum mæli unnið saman í málefnum norðurslóða síðustu ár.



**SNÆDREKINN** Ísbrjóturinn getur farið í gegnum þykkan ís og um borð í honum eru þrír rannsóknarbátar og þyrla.

Meðal þess sem áhöfn skipsins mun rannsaka eru áhrif loftslagsbreytinga á norðurheimskautssinn og vistfræðilegt ástand svæðisins. Í siglingunni nú taka 60 vísindamenn þátt í rannsóknum. Að auki er 60 manna áhöfn, fréttamenn og aðrir um borð í skipinu.

Tveir Íslendingar munu taka þátt í leiðangrinum. Í siglingunni frá Kína til Íslands er Egill Þór Níelsson, gistifræðimaður hjá Heimsskautastofnun Kína, að vinna að verkefni í tengslum við siglingar á norðurslóðum. Þá mun Ingibjörg Jónsdóttir dósent við Háskóla Íslands taka þátt í síðari hluta leiðangursins og rannsaka hörfun og ástand hafíss. - þeb

Hvalverndarsinnar mótmæla:

## Suður-Kórea að hefja hvalveiðar

**SUÐUR-KÓREA, AP** **Suður-Kóreumenn ætla að hefja hvalveiðar í vísindaskyni á næstunni. Stjórn landsins skýrði frá þessu í gær.**

**Umhverfissamtök og stjórnvöld nokkurra ríkja, sem ekki stunda hvalveiðar, brugðust strax við og mótmæltu þessum áformum.**

**„Við teljum að þetta yrði hræðilegt skref í ranga átt,“ sagði John Key, forsætisráðherra Nýja-Sjálands.**

**Bandaríkjastjórn sagðist einnig hafa áhyggjur af þessu.** - gb

Grikkjum miðar hægt:

## Hafa ekki náð markmiðum um aðhald

**GRIKKLAND** Gríska stjórnin hefur viðurkennt að þau aðhaldsmarkmið í ríkisrekstri, sem voru skilyrði fjárhagsaðstoðar frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hafi ekki náðst.



**YANNIS STOURNARAS**

Yannis Stournaras fjármálaráðherra segir tvennar þingkosningar á síðustu mánuðum hafa sett strik í reikninginn.

Fulltrúar Evrópusambandsins, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Seðlabanka Evrópusambandsins hafa verið í Grikklandi síðustu daga að fara í gegnum ríkisbókhaldið og ganga úr skugga um að Grikkir uppfylli skilyrði fyrir frekari aðstoð. - gb

Manndráp af gáleysi:

## Hálfs árs skilorð í Geirsgötumáli

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær **átján ára pilt í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi í svokölluðu Geirsgötumáli.**

**Pilturinn ók bíl á ofsahraða eftir Geirsgötunni í ágúst í fyrra með þeim afleiðingum að bíllinn hafnaði á vegg og farþegi í honum, Eyþór Darri Róbertsson, lést.**

**Dómari sviptir piltinn jafnframt ökuréttindum í sex ár og gerir honum að greiða foreldrum Eyþórs Darra sex milljónir króna í miskabætur.**

**Dómurinn hafði ekki verið birtur opinberlega í gær.** - sh

# Óþekkt hverjir njóta risnufjár á Akranesi

**Endurskoðandi Akranesbæjar gagnrýnir að sjaldan sé skráð hverjir njóta risnu og gjafa úr bæjarsjóði. Útgjöldin hafi farið 87 prósent fram úr áætlun í fyrra. Bæjarritari neitar eyðslu umfram áætlun en segir skráningu þó vera ábótavant.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þetta er ekki í lagi og ég held að það sé margt annað sem er ekki í lagi,“ segir Gunnar Sigurðsson, varaáheyrnarfulltrúi, sem fékk samþykkta tillögu í bæjarráði Akraness um að settar verði skýrar reglur um risnu, gjafir og gestamóttökur á vegum bæjarins.

Í skýrslu sem endurskoðandi bæjarins gerði kemur fram að í fyrra hafi bæjarsjóður greitt 87 prósentum meira til móttöku gesta, risnu og gjafa en áætlað hafði verið.

„Skráningu um tilefni risnu og gjafa er víða ábótavant og í flestum tilfellum er ekki skráð hverjir njóta. Við teljum eðlilegt að bæjarstjórn móti reglur um móttöku gesta, risnu og gjafir, þar með talið gagnvart kjörnum fulltrúum og starfsmönnum,“ segir í endurskoðunarskýrslunni þar sem fram kemur að útgjöldin til þessara liða hafi verið 5,4 milljónir króna í fyrra. Það hafi verið 2,5 milljónum umfram áætlun.

Gunnar kveðst hafa óskað eftir og fengið afrit af öllum reikningum varðandi þessi mál. „Þetta virðist vera mjög handahófskennt. Með sumum reikningum eru engar skýringar,“ segir Gunnar og upplýsir að reikningarnir séu fyrir margvíslega hluti; mat og gjafir. „Það virðist vera fullt af fólki sem hefur haft heimild til þess að taka út hjá bænum og litlar skýringar sem fylgja.“

Aðspurður kveðst Gunnar, sem sjálfur var um skeið forseti bæjarstjórnar fyrir hönd Sjálfstæðisflokks, ekki telja að vanhöld á skráningu risnu og gjafa séu nýtilkomin hjá Akranesbæ. „Ég held að það hafi komið fram athugasemdir áður, en þessi endurskoðunarskýrsla hefur vanalega verið trúnaðarmál þar til núna,“ upplýsir hann.



**AKRANES** Frjálslega virðist farið með skráningu á útgjöldum Akraneskaupstaðar vegna gjafa og risnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GUNNAR SIGURÐSSON**



**JÓN PÁLMI PÁLSSON**

Samkvæmt samþykkt bæjarráðs á starfsmanna- og gæðastjóri Akraness að semja reglur um notkun starfsmanna bæjarins á risnu, gjöfum og móttöku gesta fyrir 15. ágúst 2012. Þá var Jóni Pálma Pálssyni bæjarritara falið að taka saman kostnað vegna þessara liða undanfarin fimm ár.

Í minnisblaði sem Jón lagði fram í bæjarráði í gær segist hann taka undir að skráningu sé ábótavant. Hins vegar sé framsetning endurskoðanda á meintum umframkostnaði röng. „Þeim upplýsingum hefur margoft verið komið á framfæri við starfsmann endurskoðunarfyrirtækisins,“ segir í minnisblaðinu.

Einnig kemur fram að á árunum 2006 til 2009 hafi meðalútgjöld til þessa liðar verið 13,3 milljónir króna á ári eða tvöfalt hærri en á árunum 2010 og 2011 þegar 6,6 milljónir fóru í þennan lið.

Að endingu segir Jón könnun sína meðal annarra sveitarfélaga hafa leitt í ljós að þau hafi almennt ekki séð ástæðu til setningar reglna eins og þeirra sem nú sé rætt um Akranesi. gar@frettabladid.is

Breytingar í Hæstarétti:

## Jón Steinar og Garðar hætta

**STJÓRNSÝSLA** Jón Steinar Gunnlaugsson og Garðar Gíslason láta báðir af störfum sem dómarar við Hæstarétt Íslands þann 1. október næstkomandi.



**JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON**

Jón Steinar staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær. Hann hefur verið dómari við Hæstarétt í tæp átta ár, en Garðar í tuttugu ár.

Garðar verður sjötugur í haust og Jón Steinar 65 ára. Samkvæmt lögum um dómstóla mega dómarar ekki sitja lengur en til sjötugsaldurs, en geta látið af störfum við 65 ára aldur. - gb

Þyrlan flutti slasaða stúlku:

## Ung stúlka varð fyrir sláttuvél

**SLYS** **Tólf ára stúlka slasaðist alvarlega þegar hún varð fyrir sláttuvél á bóndabæ skammt frá Sauðárkróki um fjögurleytið í gærdag. Stúlkan var flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar á slysadeild Landspítalans, en þyrlan lenti við spítalann klukkan 18.15.**

**Tildrög slyssins liggja ekki fyrir en sláttuvélin mun hafa verið tengd við dráttarvél. Ekki fengust upplýsingar um alvarleika áverka stúlkunnar áður en Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld.** - jse

**MEXÍKÓ**

**Milljón kjúklingum slátrað**

Fuglaflensufaraldur er í Mexíkó og hafa 2,5 milljónir kjúklinga smitast. Stjórnvöld hafa látið slátra milljón kjúklingum vegna þessa.


SVO LJÚFT OG LÉTT

Léttboost

| | |
|---|---|
| 1 lítið | Vanilluskyr.is |
| ½ | banani |
| | sneið af melónu |
| ½ | pera |
| dass | hreinn appelsínusafi |
| 6–8 | ísmolar |



Þú finnur fleiri boostuppskriftir á www.skyr.is


Leitinni að ísbirninum var hætt síðdegis í gær, ákveðið um framhaldið nú í bítið:

# Aðgát skal höfð á bjarnarslóðum

**FÓLK** Leitinni að ísbirninum sem sást til á Húnaflóa og talið er að hafi tekið land á Vatnsnesi í fyrradag var hætt síðdegis í gær. Að sögn lögreglunnar á Blönduósi munu menn ráða ráðum sínum nú í morgunsárið og taka svo ákvörðun um framhaldið.

Ítölsku ferðahjónin sem segjast hafa séð björninn og fest á filmu voru væntanleg til Stykkishólms í gærkvöldi, þegar Fréttablaðið fór í prentun, þar sem þau ætluðu að leggja gögn sín fram til lögreglunnar þar. Spor í fjörunni við Geitafell á Vatnsnesi þykja sanna að björninn hafi verið þar á ferð.

Þó ekkert hafi borið á birninum í gær biður lögreglan á Blönduósi fólk að hafa varann á því ekki er loku fyrir það skotið að hann bregði sér í land á ný og jafnvel þá á nýjum slóðum.

Þó þyrla Landhelgisgæslunnar hafi hætt leit síðdegis í gær var nóg annað að gera á þeim bænum. Samkvæmt upplýsingum þaðan var tilkynnt um að minnsta kosti fjóra vélarvana strandbáta í gær. Strandveiðarnar hafa í för með sér aukið álag á gæslumenn, að þeirra sögn, þar sem sumir freistist til að sigla þó ástand báts sé ekki nógu gott og stundum er reynsla sæfarenda í minna lagi. - jse



**SPOR Í SANDI** Sporin við Geitafell á Vatnsnesi þykja sanna að björninn hafi þar tekið land. MYND/STÖÐ 2

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Verið velkomin á stórsýningu Toyota á morgun

## Frumsýnum Yaris Hybrid




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 60308 07/12

Á morgun, laugardaginn 7. júlí, milli klukkan 12 og 16, heldur Toyota Kauptúni sína fyrstu bílasýningu í nýjum sýningarsal í Kauptúni 6 Garðabæ, við hliðina á Ikea. Þar verður nóg um að vera og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi því að við frumsýnum þrjá flunku-nýja bíla.



**Yaris Hybrid**, bifreið sem notar aðeins 3,5 lítra á hverja 100 kílómetra í blönduðum akstri.



**Lexus GS 450h**, glæsilegur lúxusbíll sem eyðir minna og mengar minna en aðrir bílar í sama flokki.



**GT86**, afturhjóladrifinn sportbíll sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu um allan heim.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

## GENGIÐ 05.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,79 | 127,39 |
| Sterlingspund | 197,26 | 198,22 |
| Evra | 158,51 | 159,39 |
| Dönsk króna | 21,31 | 21,434 |
| Norsk króna | 21,111 | 21,235 |
| Sænsk króna | 18,28 | 18,388 |
| Japanskt jen | 1,5897 | 1,5989 |
| SDR | 191,79 | 192,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,3701
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vinnsla hefst í sögufrægu fiskvinnsluhúsi í Bolungarvík í næstu viku:

# Ný vinnsla hefst í Bolungarvík

**SJÁVARÚTVEGUR** Vinnsla hefst á ný í fiskvinnsluhúsinu í Bolungarvík í næstu viku. Þetta sögufræga fiskvinnsluhús, sem áður var í eigu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækisins Einar Guðfinnsson hf., hefur staðið tómt frá því að Bakkavík lagði upp laupana á vormánuðum 2010.

Það er fyrirtækið Kampi sem keypt hefur þetta risahúsnæði og mun hefja þurrkun á rækjuskel þar í næstu viku og síðan fiskvinnslu síðsumars. „Síðan erum við opnir fyrir því að fá þangað inn litlar fiskvinnslur með sinn rekstur, það væri bara gott fyrir svæðið,“ segir Jón Guðbjartsson, stjórnarformaður fyrirtækisins.



**FISKVINNSLUHÚSIÐ SÖGUFRÆGA** Nú færist aftur líf í gamla fiskvinnsluhúsið þar sem stórveldið Einar Guðfinnsson malaði gull á sínum tíma.
MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Opnað var fyrir tilboð í vinnsluhúsið síðastliðið haust en það var ekki fyrr en í byrjun júní sem gengið var frá kaupunum. „Þetta er risa hús, mér er sagt að lofræstikerfið þar sé stærra en í Leifsstöð en þó er saga þess mun stærri,“ segir Jón. Hann segir enn fremur að það sé mikið verk að taka húsið í gegn þar sem það var farið að láta verulega á sjá.

Kampi er í eigu fyrirtækisins Birnis sem hefur um hundrað og tuttugu manns í vinnu, gerir út þrjá togara og rekur rækjuvinnslu á Ísafirði. - jse

Barinn með glasi í Eyjum:

# Hlaut ljótan skurð á efri vör

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður varð fyrir fólskulegri líkamsárás á veitingastaðnum Lundanum í Vestmannaeyjum í fyrrinótt. Maðurinn, sem er fæddur árið 1989, var sleginn þungu höggi í andlitið með glasi með þeim afleiðingum að efri vör mannsins rifnaði og skarst mjög illa.

Maðurinn var fluttur á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hans. Árásarmaðurinn komst hins vegar undan og var enn ófundinn í gær. Lögregla ræddi í gær við vitni og tók skýrslu af þolandanum. - sh



**BASHAR AL-ASSAD SÝRLANDSFORSETI** Gögnin eru sögð vandræðaleg fyrir stjórn jafnt sem stjórnarandstöðu.
NORDICPHOTOS/AFP

Sýrlenskum gögnum lekið:

# Kemur sér illa fyrir báða aðila

**SÝRLAND** Gagnalekasíðan Wikileaks hefur hafið birtingu á 2,4 milljónum tölvupóstsendinga frá Sýrlandi.

Julian Assange, stofnandi Wikileaks, segir gögnin vera óþægileg bæði fyrir stjórn landsins og stjórnarandstæðinga.

Stór hluti gagnanna er sagður vera tölvupóstar milli sýrlenskra stjórnvalda og fyrirtækja á Vesturlöndum. Einungis lítið af þeim hefur enn verið birt á vefsíðu Wikileaks, en áður hafa birst á öðrum vettvangi á netinu óþægileg gögn úr fórum Sýrlandsstjórnar. - gb

## REYKJAVÍK

### Farfuglar í Bankastræti

Sótt hefur verið um leyfi til innréttа farfuglaheimili á þremur efstu hæðunum í Bankastræti 7 en í þeirri húsasamstæðu er Kaffi Sólon og verslun Cintamani.

## KÓPAVOGUR

### Dráttur í sundlauginni

Íþróttaráð Kópavogs kveðst vonsvikið yfir því hversu viðhaldsframkvæmdir í Sundlaug Kópavogs hafa dregist. Gert hafi verð ráð fyrir að verklok yrðu áður en háannatími hæfist en það er í júlí.

# Óvíst um framsal Sverris

**Ekki er í gildi framsalssamningur við Brasilíu og því óvíst að hægt yrði að fá Sverri Þór Gunnarsson framseldan hingað þrátt fyrir að hann sé grunaður um glæpi hér. Ekki borist formleg staðfesting á nafni hans.**

**LÖGREGLUMÁL** Ekki er víst að hægt verði að fá Sverri Þór Gunnarsson, sem er einnig þekktur sem Sveddi tönn, framseldan til Íslands þrátt fyrir að íslensk lögregluyfirvöld hafi hann grunaðan um afbrot hér á landi og hafi nóg í höndunum til að draga hann hér fyrir dóm, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ekki er í gildi framsalssamningur milli landanna tveggja, auk þess sem brasilísk yfirvöld kynnu að vera treg til að senda til Íslands mann sem gert hefði sekur um stórfellt fíkniefnabrot þar ytra.

Sverrir, sem íslensk lögregla hefur haft í sigtinu um árabil, var handtekinn á mánudag á Galeão-alþjóðaflugvellinum í Rio de Janeiro, grunaður um að tengjast smygli á 46 þúsund e-töflum til landsins frá Lissabon. Smyglið er eitt hið stærsta sinnar tegundar í lengri tíma í Brasilíu.



**SVERRIR ÞÓR GUNNARSSON**

Sverrir villti á sér heimildir við komuna til landsins og þóttist vera 43 ára Breiðhyltingur sem reyndist ekki sitja í haldi lögreglu þar ytra þegar íslensk yfirvöld fóru að grennslast fyrir um málið.



**E-TÖFLURNAR** Pakkningarnar fundust við gegnumlýsingu á farangri ungrar konu, sem vísaði á kærasta sinn og Sverri. Þeir voru síðan handteknir á kaffihúsi.

Íslenskum yfirvöldum hefur enn ekki borist formleg staðfesting á því að maðurinn sem handtekinn var sé Sverrir Þór, en það þykir þó liggja fyllilega ljóst fyrir af myndum úr brasilískum fréttum. stigur@frettabladid.is

## Talinn umsvifamikill í undirheimunum

**Sverrir Þór Gunnarsson hefur komið við sögu í fjölda íslenskra fréttamála undanfarin þrettán ár.**

- Fyrst rataði hann í fréttir árið 1999, þegar stóra fíkniefnamálið komst í hámæli. Hann var álitinn höfuðpaur í málinu – starfaði þá hjá kjötvinnslunni Rimax sem sendill en lifði þó hátt, átti flotta bíla og vann að stórtækum endurbótum á heimili sínu.
- Sverrir varð þekktur sem Sveddi tönn í undirheimunum vegna þess hve illa tenntur hann var. Þegar stóra fíkniefnamálið kom upp hafði hann þó látið bæta úr því.
- Á þeim tíma kom einnig fram í fjölmiðlum að Sverrir hefði verið grunaður um aðild að Búnaðarbankaráninu árið 1995. Það mál upplýstist aldrei.
- Sverrir hafði þó komist í kast við lögin löngu fyrr. Hann er fæddur árið 1972 og á sér sögu hjá lögreglu frá sextán ára aldri. Um miðjan tíunda áratuginn hafði hann hlotið nokkra dóma fyrir þjófnað, fjársvik og fíkniefnabrot.
- Sverrir hlaut sjö og hálfs árs fangelsi fyrir aðild sína að stóra fíkniefnamálinu. Ólafur Ágúst Ægisson hlaut níu ára dóm og voru dómarnir tveir þeir þyngstu sem fallið höfðu á Íslandi fyrir fíkniefnamál. Játningar lágu fyrir frá smyglinu og innflutning á alls tæpum 150 kílóum af alls kyns fíkniefnum til landsins. Lagt var hald á 25 milljónir í eigu Sverris.
- Ári síðar var í fyrsta sinn dæmt fyrir peningaþvætti á Íslandi, í tengslum við stóra fíkniefnamálið. Tannlæknir sem tók við ágóða af fíkniefnaviðskiptunum var dæmdur fyrir að þvætta fíkniefnagróðann í gegnum Rimax.
- Eftir að Sverrir losnaði úr fangelsi um miðjan síðasta áratug fluttist hann til útlanda og hefur síðan dvalið bæði í Brasilíu og á Spáni. Þá hefur frést af honum í Amsterdam.
- Snemma árs 2006 greindi DV frá því að Sverrir væri grunaður um tengsl við svokallað BMW-mál, sem snerist um smygl á fimmtán kílóum af amfetamíni og tíu kílóum af hassi til landsins. Þar fékk Ólafur Ágúst, félagi Sverris úr stóra fíkniefnamálinu, dóm. Sverrir var hins vegar ekki ákærður.
- Árið 2006 var hann bendlaður við vændisstarfsemi sem sögð var fara fram í húsi í hans eigu í Ármúla. DV greindi frá því að lögregla hefði ráðist í rassíu í húsinu, þar sem brasilískar vændiskonur höfðust við. Aldrei féll dómur fyrir vændisstarfsemina en íslenskt par sem þekkti Sverri og hélt til í húsinu var dæmt fyrir fíkniefnabrot.
- Fréttablaðið fjallaði sumarið 2007 um þrjú mál sem komið höfðu upp með stuttu millibili þar sem Íslendingar voru handteknir í Brasilíu fyrir fíkniefnasmygl. Síðan hafa málin orðið fleiri. Í Fréttablaðinu kom þá fram að allir þeir sem þekktu til íslenskra undirheima væru sammála um að Íslendingarnir hefðu vafalítið starfað fyrir Sverri Þór.
- Árið 2010 voru fjórir dæmdir í nokkurra ára fangelsi fyrir að smygla einu og hálfu kílói af kókaíni til landsins frá Spáni. Einn sakborninganna hafði lagt þrjár milljónir króna inn á reikning Sverris og annar bar vitni um að Sverrir hefði skipulagt það. Þá var **Davíð Garðarsson**, vinur Sverris, dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi sem annar höfuðpaurinn í málinu. Davíð er talinn hafa dvalið hjá Sverri í Brasilíu þegar hann var á flótta eftir að hafa hlotið nauðgunardóm hér á landi.








## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

**HLÝTT UM HELGINA** Að mestu skýjað og súld á stöku stað V-til á landinu í dag og á morgun en bjartara A- og SA-til. Vindur hægur víðast hvar en örlítið ákveðnari NV-til. Hlýtt um allt land, hiti að 20 stigum. Nú er sumar.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 29° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 20° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 32° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 24° |
| París | 21° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is



Holta KJÚKLINGUR

Spennandi á grillið – á betra verði

Frábært í ferðalagið, einfalt og þægilegt!

BBQmarinade for chicken

NÝTT
SANTA MARIA BBQ MARINERING. OPNIÐ POKANN OG LEGGIÐ KJÖTIÐ Í MARINERINGU

439 kr/pk

TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa

KJÚKLINGA BRINGUR FERSKAR
2.283 kr/kg
Verð áður 2.854,-



Holta
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
749 kr/kg
Verð áður 998,-

**Heill kjúklingur**
ferskur



TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.797 kr/kg
Verð áður 3.995,-

**Entrecote**
kryddlegið



SS
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.474 kr/kg
Verð áður 3.299,-

**Lambalærissneiðar**
hvítlauksmarineraðar



ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.924 kr/kg
Verð áður 3.898,-

**Lambaprime**
ferskt



TILBOÐ
RISTORANTE PIZZUR
499 kr/stk.
Verð áður 599.-

**RISTORANTE PIZZUR**
margar girnilegar tegundir



JACK DANIEL'S BBQ SÓSUR

Finndu muninn!



NÝTT
ÁVAXTAPINNAR 100% ÁVEXTIR 0% AUKAEFNI



TILBOÐ
GRØ2GO
299 kr/stk.
Verð áður 329.-



RÍSKUBBAR 12 STK.
299 kr/pk.



TILBOÐ
SUN LOLLY
20%
afsláttur v/kassa



MONSTER ENERGY 500ML
298 kr/stk.



MARYLAND KEX
139 kr/pk.



TILBOÐ
CAJP'S GRILLSÓSUR
20%
afsláttur v/kassa

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 8. júlí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú áhyggjur af stöðu íslenska lífeyrissjóðakerfisins?*

| | |
|---|---|
| Já | 86,7% |
| Nei | 27,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að þyrma lífi allra hvítabjarna sem flækjast hingað til lands?*

Segðu skoðun þína á Visir.is

Vísir

Samkeppniseftirlitið hefur gert samkomulag við eigendur Reiknistofu bankanna:

# Starfsemin háð nýjum skilyrðum

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur heimilað samruna Reiknistofu bankanna og Teris og gert samkomulag við eigendur Reiknistofu bankanna um skilyrði til að tryggja virkari samkeppni á fjármálamarkaði.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir skilyrðin sem sett hafa verið um starfsemina mikið fagnaðarefni. Þau ryðji úr vegi eða dragi úr hættu á ýmiss konar samkeppnishindrunum.

Samkvæmt skilyrðunum eiga ný og smærri fjármálafyrirtæki að eiga fullan aðgang að öllum kerfum og þjónustu Reiknistofunnar á sömu forsendum og eigendur hennar, sem eru að stærstum hluta stóru bankarnir þrír. Reiknistofan verður áfram rekin sem sjálfstætt fyrirtæki á eðlilegum arðsemisgrundvelli.



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

Þá eiga upplýsingatæknifyrirtæki að fá tækifæri til að keppa við Reiknistofu bankanna um viðskipti við fjármálafyrirtækin.

Fjármálafyrirtæki sem eru hluthafar í Reiknistofunni eiga að framkvæma útboð eða verðkönnun og leita hagstæðustu kjaranna. Þá er sett fram markmið um að draga úr eignarhaldi þeirra sem nú eiga Reiknistofu bankanna.

Tilnefndur verður óháður sérfræðingur til þess að hafa eftirlit með því að skilyrðin verði uppfyllt. **- þeb**

Opinber fjármál í Færeyjum:

# Minni skatttekjur en í fyrra

**FÆREYJAR Skatttekjur ríkissjóðs í Færeyjum drógust saman um 33,5 milljónir færeyskra króna á fyrri helmingi ársins miðað við sama tíma í fyrra. Þetta jafngildir samdrætti upp á 4,38%.**

**Skatttekjurnar á fyrri hluta árs voru rúmar 700 milljónir færeyskra króna, sem jafngildir rúmum 15 milljörðum íslenskra króna. Í raun er staðan enn verri því í ár er í fyrsta sinn tekinn skattur af inngreiðslum í lífeyri sem hækkar tekjurnar um 100 milljónir færeyskra króna. - þj**




Og þú lendir í London!

London Stansted, verð frá:

18.700 kr.*

BÓKAÐU HÓTEL OG BÍL

200.000 hótel í 165 löndum / 800.000 bílar í 125 löndum

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.

FITON / SÍA

Iceland Express

- lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is


# Segir Landsvirkjun ekki styðjast við rök

**Veiðimálastofnun segir fullyrðingar Landsvirkjunar um að aðstæður í Stóru-Laxá og Blöndu séu svipaðar ekki standast rök. Þá hafi rennslisbreytingar af mannavöldum nær undantekningarlaust skaðleg áhrif á lífríki og fiskgengd.**

**VIRKJANAMÁL** Veiðimálastofnun gerir athugasemdir við fullyrðingar Landsvirkjunar um aðstæður í Stóru-Laxá og segir þær ekki styðjast við rök.

Landsvirkjun hefur sótt um rannsóknarleyfi í Stóru-Laxá með 25 til 30 megavatta virkjun í huga. Í svari fyrirspurnar Fréttablaðsins, sem birt var í blaðinu á miðvikudag, segir að yrði af virkjun mundi rennsli árinnar jafnast og skilyrði fyrir laxfiska batna verulega, en miklar rennslissveiflur hafi mjög neikvæð áhrif á seiðabúskap. Þá segir fyrirtækið áhrifin geta orðið svipuð og í Blöndu.



GUÐNI GUÐBERGSSON

Veiðimálastofnun sendi Fréttablaðinu athugasemd vegna þessara fullyrðinga og segir fullyrðingar um batnandi skilyrði vafasamar og rennslisbreytingar af manna völdum hafi nær undantekningarlaust neikvæð áhrif á lífríki, en stofnunin hefur fylgst með veiði í Stóru-Laxá um áratuga skeið og seiðaframleiðslu frá 1985.

„Flóð er hluti af náttúrunni líka og svo er það nú oftar en ekki að þegar mannlegi þátturinn kemur inn og menn fara að miðla, þá fer það eftir þörfum rafmagnsframleiðslunnar, en ekki því að menn séu að herma eftir náttúrunni,“ segir Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Veiðimálastofnun, í samtali við Fréttablaðið.

Veiðimálastofnun segir óljóst við hvaða rannsóknir Landsvirkjun styðjist í ályktunum sínum. „Það að fullyrða að aðstæður í Stóru-Laxá og Blöndu séu sambærilegar á ekki á neinn hátt við rök að styðjast.“



**STÓRA-LAXÁ Í HREPPUM** Landsvirkjun hefur sótt um rannsóknarleyfi í Stóru-Laxá ofan Hrunakróks. Skili rannsóknir jákvæðum niðurstöðum gæti 25 til 30 megavatta virkjun orðið að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Það að fullyrða að aðstæður í Stóru-Laxá og Blöndu séu sambærilegar á ekki á neinn hátt við rök að styðjast.
>
> **GUÐNI GUÐBERGSSON** SVIÐSSTJÓRI HJÁ VEIÐIMÁLASTOFNUN

Guðni segir aðstæður í ánum gjörólíkar. Blanda sé jökulá og megnið af grófari jökulleirnum setjist nú í lóninu og áin sé mun tærari en áður. Laxinn gangi því mun fyrr upp ána en fyrir virkjun. Það hafi hins vegar ekkert með aðstæður í Stóru-Laxá að gera, enda sé hún ekki jökulá, og því séu ályktanir Landsvirkjunar sérkennilegar.

„Það sem stuðaði mig var það að þeir voru farnir að draga ályktanir um hver áhrifin yrðu á fiskstofn og lífríki í Stóru-Laxá, án þess að hafa neinar forsendur til þess,“ segir Guðni.

„Almennt er það þannig að virkjanir hafa neikvæð áhrif, þó svo að það sé hægt að finna dæmi eins og í Blöndu – og sennilega Þjórsá líka – þar sem karakter árinnar breytist og jökuláhrifin minnkuðu.“

**kolbeinn@frettabladid.is**


Eldhúsvaskar og tæki



Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm

11.990,-

Bol-897 66x43x18cm þykkt stáls 0,8mm

10.450,-

Bol-604 48x43x18cm Þykkt stáls 0,8mm

7.490,-

(fleiri stærðir til)

Bol-871 48cm þvermál þykkt 0,8mm

6.990,-

AGI- Eldhústæki

3.990,-

Meiri gæði Lægra verð

Klettháls Reykjavík

Reykjanesbæ

Akureyri

Húsavík

Vestmannaeyjum

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


**HVER ÞREMILLINN!**

Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*

# Lóðin er eins og ruslahaugur

Miklu rusli hefur verið fleygt á lóðina á horni Vesturgötu og Seljavegar. Á lóðinni má finna spýtnarusl, haug af garðaúrgangi og gamlan yfirgefinn sendiferðabíl svo fátt eitt sé nefnt. Þegar hreyfir vind fýkur svo plast og pappír um gervallt svæðið og nágrennið.

„Þetta er mál sem ég tók fyrir, fyrir um tveimur mánuðum,“ segir Björn Stefán Hallsson, byggingarfulltrúi Reykjavíkur. Hann bendir á að lóðin sé eignarlóð og því sé það á ábyrgð eiganda að halda henni snyrtilegri.

„Það er komið í ágætan farveg að hirða um lóðina og bygginguna. Byggingin var þakin veggjakroti út að lóðinni sjávarmegin. Nú er búið að mála yfir það,“ segir Björn.

„Svo er verið að vinna í lóðinni, þannig að ég hef fingurna krossaða í von um að þetta gangi vel.“



**GAMLA HÉÐINSPORT** Borgarbúi sendi Fréttablaðinu ábendingu um sóðaskap á lóðinni. Hann telur líklegt að fólk hendi rusli á lóðina í stað þess að fara með það í Sorpu, sem er skammt frá. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lóðin ætti að verða komin í sæmilegt horf í haust.

„Þau hafa fram eftir sumri til að ganga frá lóðinni og þetta virðist í þokkalegri vinnslu eins og er,“ segir Björn. **- ktg**




Sprengisandur

kraftmikill þjóðmálaþáttur

BYLGJAN 989

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

# AÐEINS ÓDÝRARI!

TILBOÐIN GILDA TIL 08.07



SPARIÐ 3.000

4 MANNA TJALD

800 mm 5,90 kg

FULLT VERÐ: 12.990

**9.990**

**BAHAMAS TJALD**
Frábært 4 manna tjald með góðu fortjaldi úr vönduðu polyester efni. Góður frágangur á saumum svo að bleyta nái ekki inn. Sterkur vatnsheldur botn og sterkar fíberstangir. Stærð: (210 + 200) x 240 x 130 sm. Þéttleiki: 800 mm/cm2. Þyngd: 5,9 kg.



FRÁBÆRT VERÐ!

1000 mm 2,00 kg

3 MANNA TJALD

**4.995**

**ETNA TJALD**
Gott 3 manna tjald. Þéttur botn úr polyester. Þéttleiki: 1000 mm/cm². Stærð: 210 x 210 x 130 sm. Þyngd: 2,0 kg.



24 LTR.

KÆLIBOX VERÐ FRÁ:

**1.950**

**KÆLIBOX**
Gott 24 lítra kælibox. Mjög hentugt í útileguna eða ferðalagið! Einnig fáanlegt 24 ltr. 12 V. Verð aðeins: **6.995**



2 STK.

**195**

**KÆLIKUBBAR**
400 gr. stk.
Frábært verð!



RAFMAGNSPUMPA

**3.995**

**RAFMAGNSPUMPA**
Frábær rafmagnspumpa sem gengur fyrir 12V/220V og er með innbyggðri hleðslurafhlöðu. Kraftmikil pumpa á frábæru verði!



INTEX

FRÁBÆRT VERÐ!

VINDSÆNGUR VERÐ FRÁ:

**1.695**

**VELOUR VINDSÆNGUR**
Stærð: 76 x 191 x 22 sm. **1.695**
Stærð: 137 x 191 x 22 sm. **3.495**
Stærð: 152 x 201 x 22 sm. **4.495**
Stærð: 183 x 201 x 22 sm. **5.995**



SÓLSTÓLL

**6.995**

FRÁBÆR STÓLL

**BRESCIA SÓLSTÓLL**
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga.



ÚTILEGUSTÓLL

**3.995**

MEÐ AUKA BÓLSTRUN

**PISA LUX ÚTILEGUSTÓLL**
Lúxus útilegustóll með örmum, glasahaldara og auka bólstrun. Hægt að leggja saman. Taska fylgir.



ÚTILEGUSTÓLL

**990**

**ÚTILEGUSTÓLL**
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara. Hægt að leggja saman.



**GÖNGUSTAFIR**
Góðir, lengjanlegir göngustafir. Fáanlegir í 2 litum.

GÖNGUSTAFIR

**2.995**

FRÁBÆRT VERÐ!



**EINNOTA GRILL**
Gott einnota grill á góðu verði. Stærð: 31 x 24 x 4 sm.

EINNOTA GRILL

**499**



SVEFNPOKI

**1.295**

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +16/+26°C
Lágmarkshiti +5°C

**TARTU SVEFNPOKI**
Svefnpoki á frábæru verði! Stærð: 220 x 74 sm. Þyngd: 840 gr. Má þvo í vél.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



SPARIÐ 2.000

VERÐ NÚ FRÁ:

**5.995**

**GÖNGUSKÓR**
Vandaðir og góðir uppháir gönguskór úr vatnsheldu NUBUCK leðri. Stærðir: 35-45. **9.995** nú 7.995
Einnig fást lágir gönguskór í gráu/bleiku og gráu/grænu. Stærðir: 39-45. Verð: **7.995** nú 5.995

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Úr hverju hefur sprotafyrirtækið Marinox hannað húðkrem?*
2. *Við hvaða götu í Kópavogi stóð bílaverkstæðið Málningarverk sem eyðilagðist í bruna nýverið?*
3. *Hvað heitir breski eðlisfræðingurinn sem bóseindin er nefnd í höfuðið á?*

**SVÖR**

*1. Úr sjávarþangi. 2. Við Vesturvör. 3. Peter Higgs.*

Þjóðgarðsvörður segir ekki boðlegt að horfa aðgerðarlaus á slysahættu kafara:

# Enn fleiri vilja selja ofan í Silfru

**ÖRYGGISMÁL** „Ef þarna verður aftur slys er ekki boðlegt að ég, sem þjóðgarðsvörður, og Þingvallanefndin sem ábyrgðaraðilar fyrir þessum þjóðgarði, segjum við lögregluna að okkur komi ekki við hvað gerist í Silfru og að menn geti bara kafað þar eins og þeir vilja,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Ólafur segir fjögur ný fyrirtæki hafa kynnt þjóðgarðinum áform um að hefja sölu á þjónustu við Silfru á næsta ári. „Þetta stefnir þá í algert öngþveiti,“ segir hann. Þetta ýti enn undir nauðsyn þess að koma á aðgangsstýringu í Silfru. „Mesta öryggismálið er að það séu ekki of margir ofan í gjánni í einu.“



ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON

Á fundi Þingvallanefndar í fyrradag lá annars vegar fyrir tillaga frá Ólafi um að fresta gjaldtöku í Silfru til 1. september og hins vegar tillaga frá köfunarþjónustunum um að fresta gjaldinu til 1. júní á næsta ári. Ólafur segir að ýtarlega hafa verið farið yfir málið en að fundinum hafi verið frestað án þess að ákvörðun væri tekin. Gert sé ráð fyrir að ræða málið áfram á mánudaginn.

Í gær átti Ólafur ásamt lögmanni Þingvallanefndar fund með lögmanni köfunarfyrirtækjanna. Ólafur segir að þar hafi verið farið yfir sjónarmið í málinu og stöðu þess. „Við leggjum áherslu á að ná aftur upp góðum samstarfsanda,“ segir þjóðgarðsvörður. **- gar**

Taka á innherjaviðskiptum:

# Efla þarf traust á mörkuðum

**EFNAHAGSMÁL Ísland þarf að herða lög sem ætlað er að koma í veg fyrir innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun. Þetta kemur fram í rökstuddu áliti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA.**

**Ísland hefur ekki innleitt að fullu ákvæði tilskipunar um markaðsmisnotkun og vantar þar upp á ákvæði um skilvirka og fullnægjandi dreifingu innherjaupplýsinga til almennings. Markmið tilskipunarinnar er að endurreisa markaði sem fjárfestar og almenningur geta treyst. - kóp**

Abbas fellst á beiðni ekkju:

# Andlát Arafats verði rannsakað

**PALESTÍNA, AP Palestínustjórn ætlar að láta rannsaka andlát Jassers Arafats, þáverandi leiðtoga Palestínumanna, sem nú er talið að hafi dáið af völdum póloneitrunar í nóvember 2004.**

**Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, segist vilja láta grafa upp lík Arafats, eins og ekkja hans fer fram á, en skiptar skoðanir eru meðal sérfræðinga um hvort krufning geti skorið úr um það hvort banameinið hafi í reynd verið póloneitrun.**

**Aðstoðarmaður Abbas segir að fyrst verði þó farið fram á frekari upplýsingar frá rannsóknarstofunni í Sviss, sem fann leifar af póloni í fötum sem Arafat er sagður hafa klæðst. - gb**

Breytingar í Vínarborg:

# Gyðingahatari missir götunafn

**VÍN, AP** Borgaryfirvöld í Vínarborg hafa breytt nafni á götu sem hafði fram að því borið nafn fyrrum borgarstjóra. Gatan ber nú nafn háskóla borgarinnar.

Ástæðan er sú að í embættistíð sinni á árunum 1897 til 1910 lét Karl Lueger ýmis hnjóðsyrði falla um gyðinga og meðal annars sótti Adolf Hitler, sem bjó í Vín á þeim tíma, innblástur til Luegers.

Andreas Mailath-Pokorny, forsvarsmaður menningarmála, sagði að Lueger hefði látið margt gott af sér leiða, en hann hefði þó verið einn af forgöngumönnum gyðingahaturs á sínum tíma. **- þj**

# Fólkið í Gambíu fær útsæði frá Íslandi

**Rauði kross Íslands dreifir nú matvælum, útsæði og áburði í Gambíu. Mikil hungursneyð vofir yfir íbúum landsins þar sem uppskerubrestur og matvælaskortur hefur ekki verið meiri í landinu síðastliðin fimmtán ár.**

**GAMBÍA** Rauði kross Íslands hóf að dreifa matvælum, útsæði og áburði í Gambíu í vikunni. Áætlað er að 35 þúsund manns fái slíka aðstoð frá Íslandi og mun aðgerðinni ljúka á næstu dögum.

Mikil hungursneyð vofir yfir íbúum Gambíu en þar hefur verið lýst yfir neyðarástandi í kjölfar meiriháttar uppskerubrests. „Það hefur gengið mjög vel að dreifa. Það eru náttúrlega rigningar sem hafa tafið, en dreifingin hefur gengið mjög vel,“ segir Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða kross Íslands.

Hann segir íbúa Gambíu verulega hjálparþurfi.

„Ástandið hefur verið að versna smám saman undanfarna mánuði í kjölfar mikils uppskerubrests. Fólk borðar fyrst og fremst hrísgrjón og hrísgrjónauppskeran var aðeins tuttugu prósent af því sem venjan er,“ segir Þórir og bætir við að ekki hafi bætt úr skák að aðaltekjulind fólksins, jarðhneturækt, hafi einnig hrunið á sama tíma um 70 prósent.

„Munurinn á venjulegu árferði og nú er að hinn svokallaði hungurtími er miklu lengri þannig að heilu fjölskyldurnar eiga erfitt með aðdrátt, jafnvel í fimm til sex mánuði. Og þá óttumst við að stefni í hungursneyð verði ekkert að gert. Við höfum einbeitt okkur að þeim sem eru verst staddir í ákveðnum héruðum Gambíu,“ segir Þórir en sjálfboðaliðar gambíska Rauða krossins hafa hlotið þjálfun í því að velja hverjir eigi að fá aðstoð.



**ÚTSÆÐINU DEILT** Hér sést Birna Halldórsdóttir að störfum, en hún er stjórnandi á vettvangi fyrir hönd Alþjóða Rauða krossins.

> Við höfum einbeitt okkur að þeim sem eru verst staddir í ákveðnum héruðum Gambíu.
>
> **ÞÓRIR GUÐMUNDSSON**
> SVIÐSSTJÓRI HJÁ RAUÐA KROSSINUM

Megináhersla er lögð á að hjálpa fjölskyldum með yngri börn, enda eiga smábörn mest á hættu að skaðast af vannæringu.

„Það er verið að reyna að velja þá sem eru í mestri þörf, það eru klárlega fjölskyldur með mörg börn og fjölskyldur þar sem menn eru byrjaðir að halda í við sig í mat og hafa lítið á milli handanna,“ segir Þórir.

Rauði kross Íslands stendur af þessu tilefni fyrir fjársöfnun vegna hjálparstarfsins í Gambíu.

katrin@frettabladid.is



**EITT LÍTIÐ BRÉF** Bréfasendingar hafa dregist verulega saman á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Rúmlega 30 milljón bréf í ár:

# Bréfasendingar dragast saman

**FJARSKIPTI** Almennar bréfasendingar á Íslandi hafa dregist saman um þriðjung frá árinu 2005, að því er fram kemur í nýútkominni ársskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS).

Árið 2005 voru sendar 52 milljónir bréfa undir 50 grömmum að þyngd, en í fyrra voru bréfin rúmar 35 milljónir. Íslandspóstur hefur einkarétt á þeirri þjónustu.

PFS áætlar að fækkunin haldi enn áfram og 32,5 milljónir bréfa verði sendar í ár, sem samsvarar 7,5 prósenta samdrætti.

PFS segir að innan tíðar þurfi að ákveða hvort og þá hvernig hægt verður að afnema einkarétt á þjónustunni. **- þj**



**FRAMKVÆMDIR** Aukin fjárfesting og einkaneysla verða helstu aflvakar hagvaxtar á næstunni samkvæmt Hagstofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Uppfærð hagspá Hagstofu:

# Spá 2,8% hagvexti á árinu

**EFNAHAGSMÁL Hagstofa Íslands spáir að landsframleiðsla muni aukast um 2,8 prósent á þessu ári og 2,7 prósent á því næsta. Þetta kemur fram í nýju riti Hagtíðinda þar sem er að finna uppfærða hagspá stofnunarinnar fyrir tímabilið 2012 til 2017.**

**Samkvæmt spánni verða aukin einkaneysla og fjárfesting helstu aflvakar hagvaxtar á næstunni. Þá hefur samdráttur samneyslu stöðvast þótt aukningar hafi enn ekki orðið vart.**

**Í ritinu kemur einnig fram að verðbólguhorfur hafi versnað frá síðustu spá sem birtist í mars. Næsta spá stofnunarinnar verður kynnt í nóvember. - mþl**

**HAFNARFJÖRÐUR**

**Hreinsa öll útilistaverk**

Útilistaverk í Hafnarfjarðarbæ verða öll hreinsuð í sumar, en bærinn og Hafnarborg standa að átaksverkefni þess efnis. Þegar er búið að hreinsa öll koparlistaverk í bænum og sést mikill munur á ástandi og útliti þeirra.


## Hlutur Landsbankans í Al álvinnslu hf. til sölu

Landsbankinn hf., býður til sölu 9,88% eignarhlut sinn í félaginu Alur álvinnsla hf. (Alur), sem er að nafnvirði 2.568.808 kr.

Alur er hlutafélag sem á og rekur endurvinnslu fyrir álgjall í Helguvík á Reykjanesi. Félagið var stofnað árið 1998 af nokkrum frumkvöðlum og hóf framleiðslu áls á árinu 2003 (nánari upplýsingar á www.alur.is). Félagið vinnur samkvæmt gildandi starfsleyfi frá 2011.

Alur endurvinnur allt álgjall sem fellur til við starfsemi Norðuráls. Á árinu 2011 voru unnin 2.403 tonn af álgjalli og úr því voru unnin 973 tonn af áli.

Áhugasömum fjárfestum er bent á að setja sig í samband við Landsbankann með tölvupósti á netfangið alur@landsbankinn.is. Fjárfestar fá þá afhend fjárhagsgögn um félagið, þ.e. ársreikninga fyrir árin 2010 og 2011.

Tímafrestur til að skila inn skuldbindandi tilboði í hlutinn á grundvelli ofangreindra gagna er til kl. 12:00, föstudaginn 20. júlí 2012. Tilboð skulu send á netfangið alur@landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka 18. ágúst






### Hlaupum til góðs

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðafélagi að eigin vali. Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

### Skráning hafin á maraþon.is

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður að morgni menningarnætur þann 18. ágúst. Vegalengdir við allra hæfi og hægt að fara heilt maraþon í boðhlaupi með 2–4 þátttakendum.

**Við bjóðum góða þjónustu**

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 15 ár

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM53362



**Í GRÆNNI BIRTU** Helgur maður á Indlandi bíður undir grænu tjaldi í biðröð til að skrá sig í pílagrímaför til Amarnath í Jammú. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vegagerðin segir fullyrðingar öryggiseftirlitsmanns ekki standast nánari skoðun:

# Vegakerfið verður ekki bætt á einum degi

**SAMGÖNGUR** „Vegakerfið í umsjá Vegagerðarinnar er 13 þúsund kílómetrar og þegar veghönnunarreglum er breytt segir það sig sjálft að þann sama dag verða 13 þúsund kílómetrar ekki aðlagaðir að reglum.“ Þetta segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, um fullyrðingar Ólafs Guðmundssonar, fulltrúa EuroRAP á Íslandi, í Fréttablaðinu í gær.

Ólafur segir að frágangi vegriða á Íslandi sé mjög ábótavant og að Vegagerðin fylgist ekki nógu vel með áherslum yfirvalda erlendis í vegamálum. Staðlar séu ekki uppfylltir á vegum á Íslandi og lítið sé gert til að lagfæra það sem ekki uppfyllir öryggisviðmið nútímans.

„Það er tóm vitleysa að menn fylgist ekki nógu vel með,“ segir G. Pétur. „Við fylgjumst einmitt mjög vel með og erum í miklu alþjóðlegu samstarfi við bæði evrópska og norræna aðila um umferðaröryggismál.“

G. Pétur bendir á að unnið hafi verið eftir nýjum veghönnunarreglum frá því að þær tóku gildi árið 2009. Nýjar reglur eru hins vegar kostnaðarsamari en þær gömlu og fjárveiting ríkisins til vegamála er takmörkuð.

> Það er tóm firra að við séum þróunarland í vegagerð. Sérstaklega þegar komið er að umferðaröryggi.
>
> **G. PÉTUR MATTHÍASSON**
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI VEGAGERÐARINNAR

Gríðarlegt átak hafi þó verið gert í að lengja gömul vegrið og ganga frá vegriðsendum á öllu landinu. „Við erum með umferðaröryggisáætlun stjórnvalda sem við förum eftir og það hefur verið sett sérstakt fé í umferðaröryggi.“

Ólafur segir einnig að Ísland sé þróunarland í vegagerð en G. Pétur segir það ekki rétt. „Það er tóm firra að við séum þróunarland í vegagerð. Sérstaklega þegar komið er að umferðaröryggi. Við erum meðal þeirra fimm landa sem hafa fæst dauðaslys í umferðinni í heiminum. Það sama gildir um önnur slys.“

Þá segir G. Pétur að unnið sé markvisst að úrbótum á vegakerfinu, bæði á nýjum vegum og gömlum. **- bþh**


Til hamingju

Ferðamálastofa óskar Eldingu, Bílaleigu Akureyrar, Iceland Excursions Allrahanda og Atlantik til hamingju með innleiðingu VAKANS.

Fyrst íslenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu hampa þau nýju merki.

Merki um enn meiri gæði og fagmennsku.

Skráðu þitt fyrirtæki á www.vakinn.is

VAKINN er nýtt gæða- og umhverfiskerfi fyrir aðila í ferðaþjónustu.

FERÐAMÁLASTOFA ICELANDIC TOURIST BOARD




**EITT LÍKANNA FLUTT Á LAND** Nærri 230 manns fórust með frönsku farþegaþotunni í Suður-Atlantshafi árið 2009. NORDICPHOTOS/AFP

# Tóku rangar ákvarðanir

## Sambland bilunar í búnaði og mannlegra mistaka varð til þess að frönsk farþegaþota hrapaði í Atlantshaf 2009. Kröfur um að bæta þjálfun flugmanna.

**FRAKKLAND, AP** Illa þjálfaðir flugmenn brugðust ekki rétt við þegar gallaðir hraðanemar sýndu rangar upplýsingar um staðsetningu vélarinnar.

Þetta er, að mati franskrar rannsóknarnefndar, orsök flugslyssins í Suður-Atlantshafi í nóvember 2009, þegar farþegaþota af gerðinni Airbus frá franska flugfélaginu Air France hrapaði í hafið.

Rannsóknarnefndin hefur skilað frá sér ýtarlegri skýrslu um slysið, en í Frakklandi er einnig beðið niðurstöðu dómsmáls og gætu bæði stjórnendur flugfélagsins Air France og flugvélaframleiðandinn Airbus átt yfir höfði sér refsidóm vegna manndrápa.

Allir farþegar vélarinnar fórust ásamt áhöfninni, samtals 228 manns. Vélin var á leiðinni frá Frakklandi til Brasilíu.

Vandræði flugmannanna hófust þegar ísing truflaði hraðanema vélarinnar, og þá tóku flugmennirnir að taka rangar ákvarðanir.

Rannsóknarnefndin hvetur til þess að flugmenn fái hér eftir betri þjálfun og gerðar verði strangari kröfur til framleiðenda flugvéla.

**gudsteinn@frettabladid.is**


Aðgengi fyrir alla

Allt frá léttum færanlegum römpum til kerfislausna



Þú færð öryggis- og velferðarvörurnar á oryggi.is

ÖRYGGI VELFERÐ

PIPAR\TBWA • SÍA

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN


ÚTSALAN
ER HAFIN!
IKEA
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

föstudagur **Föstudagsviðtalið** | **Michael Mann** loftslagsvísindamaður

# Stríð stendur um loftslagsmál

Gríðarlegum fjármunum er varið til að berjast gegn vísindum sem sýna fram á hlýnun jarðar af mannavöldum. Bandaríski loftslagsvísindamaðurinn **Michael Mann** lenti í hringiðu þeirrar baráttu. Til stóð að stefna honum fyrir þingnefnd og hefði hann þá þurft að afhenda afrit af öllum tölvubréfum sínum. Hann sagði *Kolbeini Óttarssyni Proppé* frá afneitun staðreynda.

Michael Mann, prófessor við Penn State University, er einn af höfundum línuritsins sem kennt hefur verið við hokkíkylfuna. Það varð ein af helstu táknmyndum þess sem nefnt hefur verið loftslagsstríðið, en dæmi um það er svokallað Climategate þegar tölvubréfum vísindamanna var stolið árið 2009 og reynt að sýna fram á fölsun á gögnum um hlýnun jarðar.

Mann segir Climategate dæmi um það hvernig staðreyndum er afneitað þegar kemur að loftslagsmálum. Þó það hafi verið margsannað að engin fölsun átti sér stað haldi sumir því ranglega fram og reyni að festa þá skoðun í sessi á meðal almennings.

„Nú er nokkuð um liðið frá Climategate og 9 rannsóknir hafa farið fram um málið í Bretlandi og Bandaríkjunum. Niðurstaða þeirra allra er að ekkert óviðurkvæmilegt hafi farið fram og vísindamennirnir ekki gert neitt rangt. Það er kaldhæðnislegt að eina misgjörðin í þessu öllu var stuldurinn á tölvubréfunum, en einhverra hluta vegna hafa fórnarlömb þess glæps þurft að gjalda fyrir hann.

Það að andstæðingum aðgerða gegn loftslagsbreytingum hafi tekist að móta umræðuna þannig sýnir hve skilvirkir þeir eru orðnir.

Þó að þetta mál sé um garð gengið vitnar hluti þeirra sem afneita loftslagsbreytingum enn í þessi stolnu tölvubréf, eins og þau hafi svert vísindin. Einn einkennandi þáttur hreyfinga sem afneita vísindalegum staðreyndum, eins og áróður gegn þróunarkenningunni og einnig gegn loftslagsbreytingum eru dæmi um, er að framleiða eigin staðreyndir þar sem hinar raunverulegu staðreyndir, vísindin, ganga gegn markmiðum þeirra.

Þær búa því til sínar eigin staðreyndir og þess vegna var Climategate þeim svo mikilvægt. Ákveðnar ásakanir í því máli hafa verið endurteknar aftur og aftur þrátt fyrir að löngu hafi tekist að sýna fram á að þær eru rangar. Það er hins vegar hægt að blekkja hluta almennings með þessu og telja þeim trú um að loftslagsbreytingar séu blekkingin ein.“

### Stefnt fyrir þingnefnd

Mann hefur persónulega reynslu af þessu, en hann og meðhöfundar hans að hokkíkylfunni urðu fyrir stigvaxandi persónulegum árásum frá einstaklingum og hópum sem þekktir voru fyrir andstöðu sína gegn hvers kyns reglum um takmörkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda.

„Þetta hófst fyrir rúmlega áratug. Við birtum grafið okkar seint á tíunda áratugnum og það var síðan birt í skýrslu ICCP árið 2001, sem er alþjóðlegur vettvangur um loftslagsbreytingar. Þá varð það að tákni og algengri mynd í loftslagsdeilum.

Við urðum fyrir árásum upphaflega frá einstaklingum og samtökum, sérstaklega tengdum jarðefnaeldsneytisiðnaðinum, en að endingu einnig frá virtum stjórnmálamönnum í bandaríska stjórnkerfinu. Þar má nefna bandaríska öldungadeildarþingmanninn James Inhoff og Joe Barton frá Texas. Inhoff fékk einna hæstu styrkina frá jarðefnaeldsneytisiðnaðinum í öldungadeildinni og Barton í þinginu.

Árið 2005 stefndi Barton mér fyrir þingnefnd og krafðist þess að fá öll persónuleg gögn mín, þar með talin tölvubréf, og það vakti mikil viðbrögð og deilur.

Margir hópar vísindamanna og stofnanir í Bandaríkjunum og einnig stjórnmálamenn stigu strax fram og fordæmdu aðgerðir hans og sögðu minna á McCarthyisma. Sumir kölluðu hann nútíma-McCarthy. En þetta er dæmi um árásir sem því miður eru orðnar algengar í dag gagnvart mér og öðrum loftslagsvísindamönnum. Ég hef lent í miðju þessarar orrahríðar.



**LOFTSLAGSVÍSINDAMAÐUR** Michael Mann hélt fyrirlestur í síðasta mánuði á vegum Eddu – öndvegisseturs og Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Hann segir Bandaríkjamenn langt á eftir Evrópubúum þegar kemur að umhverfisvitund. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fólk sér þetta sem lúxusvanda

Mann segir allt of marga líta á málefni umhverfisins sem lúxusvandamál, eitthvað sem hægt er að hafa áhyggjur af þegar málefni er varða lífskjör okkar eru frá, við höfum fætt fjölskylduna og menntað börnin okkar. Langtímahugsun þurfi þegar kemur að umhverfismálum.

„Hins vegar finnst mér þegar ég held fyrirlestra – og ég tala við ansi fjölbreyttan hóp – að einstaklingum sé ekki sama um þessi mál og þeir velti þeim fyrir sér. Þau eru kannski ekki þeirra helsta áhyggjuefni en þeir eru meðvitaðri um þau en maður heldur. Á ákveðnum tímapunkti mun krafan um aðgerðir koma fram. Áhyggjuefnið er hvort einhverjar hörmungar þurfi – og þá hverjar þær hörmungar þyrftu að vera – til að virkja Bandaríkjamenn.“

### Villst af sporinu

Mann segir að það hafi aðeins verið fyrir flokksfélaga Bartons, Sherwood Boehlert sem var formaður vísindanefndar bandaríska þingsins, að Barton tókst ekki ætlunarverk sitt. Repúblikanaflokkurinn hafði á þessum tíma tögl og hagldir í stjórnkerfinu, meirihluta í báðum þingdeildum og George W. Bush sat í Hvíta húsinu.

Boehlert stöðvaði málið, en Mann segir að meðal annars það hafi orðið til þess að hann bauð sig ekki fram á ný. Hann segir Repúblikanaflokkinn hafa villst herfilega af leið þegar kemur að umhverfismálum.

„Boehlert var þekktur sem stuðningsmaður vísinda og umhverfissinni í Repúblikanaflokknum, í anda Theodores Roosevelt. Það er kaldhæðnislegt hvernig komið er fyrir þeim flokki því hann á langa hefð í baráttu fyrir umhverfinu. Í dag er hreyfing innan flokksins sem svíkur þá hefð og þú sérð þetta í starfi hans.“

Þar vísar Mann til Teboðshreyfingarinnar, en hann segir að sjónarmið hennar hvað varðar vísindi og umhverfismál hafi tekið flokkinn yfir. Ekkert rými sé lengur fyrir umhverfissinnaða Repúblikana.

### Bandaríkin draga lappirnar

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hefur lýst því yfir að umhverfismál verði á meðal þeirra mála sem hann ætlar að berjast fyrir, verði hann endurkjörinn. Mann segir enn óljóst hvað það þýði, en fólk sé þó bjartsýnt á auknar áherslur í umhverfismálum sitji Obama annað kjörtímabil. Hann segir hins vegar vandamál hve Bandaríkin eru aftarlega á merinni þegar kemur að umhverfismálum.

„Bandaríkin eru langt á eftir öðrum löndum í þessum efnum. Ef horft er til Kína, Indlands og stórra vanþróaðra ríkja, þá sjá þau að mikill iðnaður mun skapast í kringum endurnýjanlega orkugjafa. Það er kaldhæðnislegt að Bandaríkin séu að draga saman í því sviði. Í dag snýst deilan í Bandaríkjunum um hvort nota eigi náttúrugas eða kol. Þar erum við stödd.

Evrópubúar og margar aðrar þjóðir hafa þetta viðhorf til loftslagsmála, að ljóst sé hvernig framtíðin verður og jarðefnaeldsneyti muni ekki skipa þar stóran sess. Þess vegna verði að byggja upp endurnýjanlega orkugjafa. Á meðan önnur lönd þokast fram á við í þessum efnum er kaldhæðnislegt hvernig þetta er í Bandaríkjunum.

Ég held að stjórnmálaumræða í Bandaríkjunum hafi verið mörkuð með hugmyndum um efnahagslegt sjálfstæði. Rökin eru þau að við verðum að vera sjálfstæð hvað varðar jarðefnaeldsneyti og iðnaðinum hefur tekist að gera það að spurningu um sjálfstæði Bandaríkjanna. Bandaríkin hafi misst forskot sitt og spurningin sé hvort þau nái því aftur.“

### Þarf breytta umræðu

Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur úrskurðað að fyrirtæki hafi sama rétt og einstaklingar til að styðja stjórnmálastarf. Fyrirtæki geta nú veitt ótakmarkað fjármagn í baráttuna og Mann segir að til dæmis Koch-bræður muni eyða meira en einum milljarði dollara í baráttuna fyrir hönd Repúblikanaflokksins.

Koch-bræður eru stærsti styrktaraðili Teboðshreyfingarinnar og einnig baráttunnar fyrir afneitun loftslagsbreytinga af mannavöldum. Mann segist stundum velta því fyrir sér hver markmið þessarar baráttu sé.

„Ég á vini í Repúblikanaflokknum og ég veit að þeim er jafn umhugað um framtíð barna sinna og demókrötum, en um það snýst málið, að skila heilbrigði plánetu til barna og barnabarna okkar.

Ég á því erfitt með að skilja hvað hvetur fólk eins og Koch-bræður áfram. Vilja þeir skila börnum sínum verri plánetu eða telja þeir sig eiga svo mikla peninga að þeir geti reist nýlendu á Mars fyrir afkomendur sína? Ég skil þetta ekki, en ég held að þeir sjái aðeins stundarhagsmuni sína.“




PIPAR\TBWA - SÍA - 122018

# -7 kr.

## af lítranum föstudag, laugardag og sunnudag

# OG

## fjórfaldir Vildarpunktar Icelandair

### með ÓB-lyklinum hjá ÓB og Olís

**Dagana 6., 7. og 8. júlí er 7 króna afsláttur** af eldsneytislítranum til ÓB- og Olís-lykilhafa – og **fjórfaldir Vildarpunktar Icelandair** þar ofan á til Vildarpunkta safnara. **Afslátturinn er bæði á ÓB- og Olís-stöðvum og gildir einnig fyrir Staðgreiðslukort Olís.**

**Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð.**






ICELANDAIR SAGA CLUB

Til að safna Vildarpunktum Icelandair með ÓB-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi ÓB eru á ob.is/Vildarkerfi.

ÓB

Mitt kort

ALLIR MÁNUÐIR ÁRSINS EIGA AÐ VERA

# SKEMMTILEGIR...

ÞÚ HEFUR ÞETTA ALLT Í HENDI ÞÉR




50%

SÉR
TILBOÐ

20%

!

800 kr.

17%

SÉR
TILBOÐ

25%

HRINGTORG
&Kortið

Hringtorg veitir korthöfum Kortsins afslátt hjá fjölda fyrirtækja um allt land. Þessi dæmi eru aðeins brot af því sem er í boði. Upplýsingar um samstarfs-fyrirtæki Hringtorgs má finna í Hringtorgsappinu eða á www.hringtorg.is

Fríðindi Viðburðir Bíó Flug Matvara

## Sundlaugarnar

Korthafar fá 50% afslátt í sund í Reykjavík og Hafnarfirði.
Um að gera að kæla sig á heitum sumardegi.



## Edinborg á 29.800 kr.

**Fram og til baka með sköttum og gjöldum.** Fyrstir koma fyrstir fá, takmarkað magn sæta. Vinsamlegast hafið samband við söluskrifstofu Iceland Express í síma 550 0600 eða á info@icelandexpress.is.




## Kultur

Korthafar fá 20% afslátt af öllum vörum frá French Connection.
Ekki missa af þessu tilboði!

Kultur

## Sushi Smiðjan

2 fyrir 1 af matseðli fyrir korthafa alla virka daga í júlí.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

sushismiðjan



## Kaffi Adesso

Korthafar fá kaffi og marengskökusneið á 800 kr.
í júlí hjá Kaffi Adesso í Smáralind.




## Frumherji

Gerðu bílinn tilbúinn fyrir sumarið,
nú fá korthafar 17% afslátt af bifreiðaskoðun.

Frumherji

## Starbuck á 600 kr. miðinn

Hér er á ferðinni hrikalega fyndin mynd frá Kanada sem hefur slegið í gegn víða um heim. Korthafar fá miðann á 600 krónur á midi.is eða í kvikmyndahúsinu.




## Ginger

Korthafar fá 25% afslátt af hinum geysivinsælum Heilsupokum ef þú pantar á netinu – afsláttarkóði: Hringtorg

ginger



Sækja fyrir Android

Sækja fyrir iPhone

Arion banki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju eru ekki allir gestir Þingvallaþjóðgarðs rukkaðir um aðgangseyri?

## Nota bara sumir þjónustuna?

Nú er deilt um hvort rukka eigi kafara, sem kafa í Silfru á Þingvöllum, um þjónustugjald. Rukka á köfunarfyrirtæki, sem skipuleggja ferðir kafara í gjána, um 750 krónur á hvern kafara. Það er réttilega rökstutt með því að þjóðgarðurinn þurfi að ráðast í uppbyggingu á aðstöðu og þjónustu við gjána, meðal annars til að tryggja öryggi.

Sportkafarafélag Íslands er hins vegar óánægt með gjaldtökuna af tveimur ástæðum. Anna María Einarsdóttir, gjaldkeri Sportkafarafélagsins, segir annars vegar í Fréttablaðinu í gær að gjaldtakan muni ekki auka öryggi, heldur sé hætta á að köfunarfyrirtækin fari að spara við sig starfsfólk til að standa undir gjaldinu. Hins vegar segir hún að vanhugsað sé að rukka einstaklinga sem ætla að kafa á eigin vegum og kaupi ekki þjónustu eða leiðsögn af fyrirtækjunum sem selja ferðir í Silfru.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta telja sportkafarar brjóta í bága við jafnræðisreglu, því að aðrir gestir þjóðgarðsins séu ekki rukkaðir um gestagjöld. „Látum eitt yfir alla ganga og tökum bara upp almennan aðgangseyri að þjóðgarðinum. Það er eina réttlætið og þá taka allir þátt í uppbyggingunni, ekki bara sumir,“ segir Anna.

Það er reyndar ekki alveg rétt að aðrir gestir þjóðgarðsins séu ekki rukkaðir. Þeir sem vilja veiða í Þingvallavatni fyrir landi þjóðgarðsins eru rukkaðir um 1.500 krónur á dag og þeir sem vilja tjalda um 1.000 krónur á nóttina. Þá gjaldtöku er auðvelt að rökstyðja; löng hefð er fyrir því að menn borgi fyrir veiðirétt (ef þeir eru heppnir koma þeir heim með mat sem er meira en 1.500 króna virði) og um allt land er rukkað fyrir aðstöðu, vöktun og aðra þjónustu á tjaldstæðum.

Spurning talsmanns sportkafara er samt gild: Af hverju eru ekki allir gestir þjóðgarðsins látnir borga? Sá sem fær sér bara göngutúr eða borðar nestið sitt nýtir auðvitað alls konar aðstöðu og þjónustu, sem hefur verið byggð upp með ærnum tilkostnaði; göngustíga og brýr, nestissvæði og ruslafötur, upplýsingaskilti og sýningarhús og þannig mætti áfram telja. Af hverju þurfa menn að vera í froskbúningi eða vöðlum eða með tjald til að hægt sé að rukka þá?

Einfalt ætti að vera að rukka alla á Þingvöllum, og ólíklegt að það verði til þess að ferðaþjónustufyrirtæki fækki fólki eða dragi úr öryggiskröfum. Þau bæta einfaldlega aðgangseyri að þjóðgarðinum ofan á verðið hjá sér, rétt eins og menn gera víða í öðrum löndum.

Íslendingar þurfa að fara að koma sér út úr þessum vandræðagangi sem alltaf þarf að vera í kringum þetta einfalda grundvallaratriði, að rukka fólk fyrir þjónustu sem það nýtur á ferðamannastöðum. Þetta er gert um allan heim og ferðamennirnir kvarta ekki. Víða í Evrópu og Norður-Ameríku borga menn þúsundir króna, með glöðu geði, fyrir aðgang hvort heldur er að þjóðgörðum eða opinberum söfnum og menningarminjum. Að borga einhverja hundraðkalla inn í íslenzka þjóðgarða (til dæmis 600 krónur á mann, eins og hópar borga inn í Þjóðminjasafnið), drepur engan. Það myndi hins vegar standa undir þjónustu og aðstöðu fyrir gesti að verulegu leyti og gera upplifun af heimsókn í þjóðgarðinn enn ánægjulegri.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skýrmæli er dyggð

Hálfkveðnar vísur eru hvimleiðar og flestir ættu að tileinka sér það að tala skýrt og skorinort um það sem um er fjallað hverju sinni. Þetta mættu íslensk stjórnvöld taka til athugunar. Í rökstuddu áliti ESA um ágalla á lögum um miðlun trygginga, sem eiga að tryggja rétt neytenda, er eftirfarandi setningu að finna: „Íslensk stjórnvöld hafa viðurkennt þessa ágalla á íslensku löggjöfinni og gefið í skyn að þeir verði lagfærðir haustið 2012.“ Bregðist Ísland ekki við ábendingum ESA innan tveggja mánaða verða stjórnvöld kærð fyrir EFTA-dómstólnum. Það er því kannski ráð að hætta að gefa eitthvað í skyn og fara að tala skýrt.



### Æ getið þið ekki fullorðnast?

Nýjasta útspil Heimssýnar er að líkja Evrópusambandinu við stofukomma, vegna afstöðu þess til hvalveiða Grænlendinga. Nú er ábyggilega hægt að gagnrýna þá afstöðu, en má ekki nota aðra retórík en þá sem þótti sniðug í menntaskólablöðum?

### Stefna eða stefnuleysi?

Segja má að sumarið sé sannarlega komið þegar íslensk stjórnvöld standa ráðþrota gagnvart þeirri staðreynd að hvítabjörn er genginn á land. Þeir eru friðaðir en má fella í algjörum undantekningartilfellum. Það er hins vegar erfitt að tala um undantekningu þegar hvert einasta dýr er skotið. Er það kannski stefna stjórnvalda að hafa enga stefnu í þessum málum, til þess að geta vísað í undantekningarákvæðið?



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Tekjur og aðrar afkomutölur

Kjaramál



Hilmar Guðmundsson
fulltrúi í kjarahópi ÖBÍ

Þegar skoðaðar eru launatölur kemur margt skrýtið í ljós. Samkvæmt kjarasamningi ASÍ og SA eru lágmarkstekjur fyrir fullt starf kr. 193.000 fyrir 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki.

Á árinu 2011 voru meðaltekjur hins vegar kr. 400.000 fyrir skatt samkvæmt vef Hagstofu Íslands og miðast það við heildartekjur, það er að segja með yfirvinnu og bónus ef hann er í boði.

Tekjur öryrkja sem býr með öðrum fullorðnum einstaklingi eru kr. 156.153 eftir skatt. Hér er átt við öryrkja sem hefur litlar sem engar aðrar tekjur en bætur TR. Fyrir flesta öryrkja eru örorkugreiðslur tekjur fyrir lífstíð þar sem að þeir hafa ekki möguleika á að auka sínar tekjur á neinn hátt.

> Aðilar vinnumarkaðarins eru allt of linir að semja fyrir okkar hönd…

Fólk á atvinnumarkaði hefur fleiri möguleika á að auka sínar tekjur með betri samningum eða nýrri vinnu, en það stendur öryrkjum yfirleitt ekki til boða. Þeir hafa eingöngu þá innkomu sem ríkisstjórnin skammtar þeim þrátt fyrir lög um að bætur skuli hækka samkvæmt neysluvísitölu og/eða launavísitölu. Síðan 2008 hafa bætur ekki hækkað samkvæmt framangreindum vísitölum.

Í júní á þessu ári var í fréttum að laun forsætisráðherra hefðu hækkað um kr. 257.000 síðan 2009. Og hvað með það spyrja sumir, já hvað með það?

Þessi launahækkun (fyrir skatt) er ekki nema kr. 100.847 hærri en örorkubætur sem öryrki er að fá sem býr með öðrum fullorðnum.

Er ekkert skrýtið við það þegar laun þeirra sem eru meðal allra lægstu hækka lítið sem ekkert á meðan laun ráðherra eru hækkuð langt umfram það sem við erum með á mánuði? Við sem erum í þeirri stöðu að þurfa að lifa á þessum bótum eigum ekki verkfallsrétt eða rétt til þess að gera nokkurn hlut til þess að bæta stöðu okkar.

Aðilar vinnumarkaðarins eru allt of linir að semja fyrir okkar hönd eða krefjast þess að við fáum þá lögbundnu hækkun sem við eigum að fá, hvað þá að við fengjum kr. 257.000 hækkun á mánuði, það yrði þá ljúft líf.

Ekkert um okkur án okkar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Að elska límmiðann sinn

Í DAG

**Pawel Bartoszek**
Stærðfræðingur



Það gekk mynd um vefinn fyrir nýafstaðnar forsetakosningar þar sem allir frambjóðendur voru spurðir hvort þeir litu á sig sem femínista. Konurnar höfu svörin með „jái“ en karlarnir með hvers kyns skilyrðingum. Það var vissulega athyglisvert.

Ég lít á mig sem kapítalista, sem er reyndar ekki alltaf jákvætt orð í okkar umræðumenningu. Ef ég mætti sjálfur búa til skilgreiningu á kapítalista þá væri það „sá sem ber virðingu fyrir eigum annarra“. Nú gæti ég spurt frambjóðendur í hin og þessi embætti hvort þeir litu á sig sem „kapítalista“ og vopnaður minni eigin skilgreiningu á hugtakinu komist að því að fullt af íslenskum stjórnmálamönnum bæri enga virðingu fyrir eigum fólks.

En það hefði ekki verið það sem ég hefði spurt að, heldur hvort þau litu á sig sem kapítalista. Og af einhverjum ástæðum leggja sumir aðra og neikvæðari merkingu í það orð en ég.

Það er alltaf ákveðinn vandi þegar þeir sem aðhyllast stefnur eru látnir skilgreina þær. Slíkum skilgreiningum er oftar en ekki ætlað að afla fylgis við stefnuna. Víðtækasta skilgreining á femínisma virðist þannig fela í sér ekkert róttækara en þá skoðun að konur og karlar skuli jöfn í hvívetna. Það er auðvitað ekki fyrir nokkurn hugsandi mann að fallast ekki á þann grunnramma. En einhvern veginn þá virðist sem femínismi, svo langt sem líta megi á hann sem einhverja eina stefnu, sé mun meira en það.

Það er ákveðið bragð í rökræðum að láta viðmælanda sinn fallast á eina skilgreiningu hugtaks en nota svo allt aðra skilgreiningu sama hugtaks í áframhaldandi umræðu. Í umræðu um femínisma er þetta dálítið svona og þess vegna á ég sjálfur erfitt með að líma á mig þann límmiða. Ekki vegna þess hvernig femínisminn skilgreinir sig sjálfur heldur vegna þess sem nánast undantekningarlaust fylgir með.

Ég styð það til dæmis ekki að strákar séu valdir í framhaldsskóla fram yfir stúlkur með hærri einkunnir bara til að rétt „kynjahlutföll“ haldist í skólanum. Þetta er gert í dag og þetta er afleiðing opinberrar stefnu og jafnréttislaga, sem þeir sem opinberlega tala fyrir femínisma styðja undantekningarlítið. Mér er það hulin gáta hvernig það að segja við 15 ára manneskju að hún hefði komist í Verzló ef hún væri af öðru kyni sé skref í jafnréttisátt.

Mér finnst það hæpið að segja fólki sem á og rekur fyrirtæki hver megi og megi ekki sitja í stjórnum þeirra. Ég styð það ekki að í bullandi samdrætti séu lagðar dagsektir á fyrirtæki sem semja ekki jafnréttisáætlun í tæka tíð. Ég er verulega efins um að það gangi að opinber kosningalög taki mið af kynferði frambjóðenda við úthlutun sæta á þingi eða í sveitarstjórn. Ég styð staðgöngumæðrun. Mér finnst femínísk umræða um klám og kynlíf ekki endilega stuðla að því að gera fólk hreinskilnara um sitt mannlega eðli.

Ég veit ekki hvort stuðningur við kynjakvóta, til dæmis við inntöku í framhaldsskóla, sé forsenda þess að einhver geti kallað sig femínista en einhvern veginn virðast langflestir þeirra sem bera þá nafnbót hvað stoltastir undantekningarlítið styðja slíkt. Ég veit ekki hvort menn þurfa að vilja banna konum að bera börn fyrir aðrar konur til að teljast femínistar en það virðist sem þorri femínista geri það. Nú segi ég ekki að þetta séu allt auðveldar spurningar. Þær eru margar spennandi og allrar umræðu verðar. En spurningar á borð við „Hér er barmmerkið mitt, af hverju viltu ekki setja það á þig?“ eru það síður.

Mér fyndist það rökrétt lokamarkmið að orðin „kyn“, „karl“ eða „kona“ kæmu ekki fyrir í lögum. Á meðan vilja aðrir sjá þau sem víðast. Þar greinir mig og marga femínista á.

Að lokum: Nýlega ályktaði umboðsmaður Alþingis að mismunun nemenda á grundvelli búsetu foreldra stæðist ekki lög. Satt að segja þætti mér ekki leiðinlegt að sjá kynjamismunun fara sömu leið. Einhvern veginn finnst mér hæpið að velja 15 ára fólk í framhaldsskóla á grundvelli kyns og finnst vont þegar menn gera slíkt í nafni jafnréttis.

> Ég styð það til dæmis ekki að strákar séu valdir í framhaldsskóla fram yfir stúlkur með hærri einkunnir bara til að rétt „kynjahlutföll“ haldist í skólanum. Þetta er gert í dag og þetta er afleiðing opinberrar stefnu og jafnréttislaga, sem þeir sem opinberlega tala fyrir femínisma styðja undantekningarlítið.

AF NETINU

### Öryrkjabandalagið og mannréttindi

Formaður Öryrkjabandalagsins og nokkrir sem hafa tjáð sig telja það mannréttindi sín að geta sjálfir valið hver skuli aðstoða þá við að kjósa. Það gleymist í þessari umræðu að þetta ákvæði var sett til að tryggja leynilega kosningu þeirra sem þurfa á aðstoð að halda með tilliti til hagsmuna þeirra. Í mörgum tilvikum er heppilegt að sá sem öryrki kýs að aðstoði hann geri það. Það er þó ekki einhlítt. Í sumum tilvikum getur öryrkinn verið undir óeðlilegum og óþægilegum þrýstingi og verður að hlíta því með breyttum reglum að velja þess vegna aðila sér nákominn sem ræður þá atkvæði hans í raun. Tryggjum við mannréttindi betur með þeim hætti? Tryggjum við betur leynilegar kosningar?

http://jonmagnusson.blog.is

**Jón Magnússon**




# Að glata menningarverðmætum eða upphefja

Skipulagsmál

Björn Stefán Hallsson
arkitekt



Fíngert yfirbragð gömlu húsanna í miðborginni og Þingholtunum eru einstök og algerlega sérstök menningarverðmæti. Þau tilbrigði sem í þeim felast og umhverfi þeirra eru það sem vekur áhuga í byggð Reykjavíkur og skapar aðdráttarafl. Þetta þarf að efla og upphefja með öllum tiltækum ráðum. Hús af sömu gerð verða aldrei byggð aftur í borginni.

Fyrir það fyrsta þá væri það ekki hægt miðað við gildandi mannvirkjalög og byggingarreglugerð. Þau hús sem þar eru nú eru allt sem við eigum að þessu leyti. Gera þarf eins mikið úr tilvist þeirra og framast er kostur þannig að þeirra verði notið sem best í borgarumhverfinu. Þetta felst ekki í tillögum sem valdar hafa verið til verðlauna í samkeppninni um Ingólfstorg. Það er komið að algerri nauðsyn á sátt um verðmæti gömlu byggðarinnar, stöðva verður frekara niðurrif og ómarkvissa uppbyggingu og upphefja þau menningarverðmæti sem enn eru til í eldri byggðinni.

Það er engu líkara en að fólk hafi ekki lært neitt af offari og óraunhæfum framkvæmdaáætlunum innan gömlu byggðarinnar í Reykjavík í aðdraganda hrunsins. Í verðlaunuðum tillögum samkeppninnar um uppbyggingu við Ingólfstorg er offarið endurvakið í anda 2007. Síðastliðin ár hefur umræðan um byggðina verið með þeim formerkjum að verið væri að snúa af þeirri leið, snúa deiliskipulögum frá ofuráætlunum í átt til byggingarmagns og stærða í eðlilegu samræmi við byggðarmynstrið, að snúa við blaði til sáttar við fíngerð einkenni byggðarinnar. Margt er gott í vinningstillögum en í þeim eru fjölmörg veigamikil atriði sem eru andstæð þessu og dæmigerð fyrir 2007. Í tillögu fyrstu verðlauna má meðal annars nefna eftirfarandi atriði.

Samhliða byggingu við Alþingishúsið tókst að vinna með og styrkja fínlegt yfirbragð húsa með fram Kirkjustræti andspænis Landsímahúsinu. Tillagan gerir ráð fyrir að byggja við Landsímahúsið að gangstéttarbrún gagnstætt húsunum með 4-5 hæða stórbyggingu og í byggingarstíl sem er afar framandi fyrir umhverfið í heild.

Ráðgert er að bæta hæð ofan á núverandi Landsímahús en með því eru lagleg hlutföll byggingarinnar í ásýnd frá Austurvelli stórsköðuð. Útfærsla hækkunarinnar er jafnframt í algeru ósamræmi við gerð hússins og ber neðri hluta byggingarinnar ofurliði.

> Það er engu líkara en að fólk hafi ekki lært neitt af offari og óraunhæfum framkvæmdaáætlunum innan gömlu byggðarinnar í Reykjavík í aðdraganda hrunsins. Í verðlaunuðum tillögum samkeppninnar um uppbyggingu við Ingólfstorg er offarið endurvakið í anda 2007.

Upp við þak Nasa norðanvert og að Hótel Vík er gert ráð fyrir nýbyggingu álíka hárri Landsímahúsinu. Nasa er samkvæmt því þvingað inn í kverk á milli nýbyggingarinnar og brunagafls Landsímahúss og smágert húsið borið ofurliði stórbygginga í ásýnd frá Austurvelli.

Gert er ráð fyrir að Hótel Vík og Aðalstræti 7 standi á núverandi stað. Þeim er „hlíft“, eða eins og það er orðað í umsögn um 1. verðlaun: „… tillaga sem tekur tillit til sögu Kvosarinnar … sýnir markvissa uppbyggingu án niðurrifs eða tilfærslu á gömlum húsum.“ Þar stöðvast virðing fyrir húsunum, menningarverðmætum þeirra, og gildi í borgarmyndinni.

Á milli Hótel Víkur og Aðalstrætis 7 er ráðgert að reisa nýbyggingu sömu gerðar og sú sem ráðgerð er til suðurs frá hótelinu að Nasa. Stærð, hlutföll og bein tengsl gafl í gafl bera húsin gersamlega ofurliði.

Á núverandi stað munu húsin standa áfram í skugga Aðalstrætis 9 og Landsímahúss, en sú neikvæða staða er aukin enn frekar með ofangreindum byggingum á milli þeirra og að Nasa. Þar við situr ekki hvað varðar tillitsleysi við verðmæti þessara húsa. Tvö afgerandi atriði koma þar við sögu. Annars vegar er fyrirhugað að framlengja Vallarstræti í fyrri mynd framan við húsin að Aðalstræti. Framlengingin, rétt eins og núverandi Vallarstræti á milli Austurvallar og Veltusunds, mun dæmd til að vera dimmt sund í skugga hárra bygginga og þau áhrif aukin frekar en hitt. Hins vegar er gert ráð fyrir þriggja hæða samfelldri byggð á Ingólfstorgi milli Vallarstrætis og Austurstrætis. Við það hverfa gömlu húsin tvö endanlega inn í skuggalega bakgötu og menningarleg verðmæti og fínleg gerð og yfirbragð verða algerlega hulin sjónum borgarbúa.

Hliðarverkun þessa hluta tillögunnar hefur aðrar alvarlegar afleiðingar. Við þetta tapast möguleiki á að Ingólfstorg eigi ásýnd með fíngerðu mynstri gamalla húsa á þrjár hliðar og í góðum tengslum við byggðamynstur Grjótaþorps. Hliðin til suðurs verður ný hlið framandi byggingarlistar, ekki ósvipað því sem risið hefur á síðustu áratugum til vesturs og suðurs við torgið. Það er ólíklegt að það verði góð skipti.

Önnur hlið á tillögunni hvað þetta varðar er að Ingólfstorg verður stytt verulega, um rýmið frá Austurstræti að Vallarstræti. Það er hugsanlegt að stytta megi torgið en eiga þarf við það með varfærni varðandi rými þess og birtuskilyrði. Ráðgerð byggð í framhaldi Austurstrætis að Aðalstræti er áætluð 3 hæðir og samfelld. Sem slík myndar hún vegg sem mun bæði minnka rýmið í raun og, það sem verra er, rýra tilfinningu fyrir rýmd staðarins og umhverfi þess verulega frá því sem nú er.

Sé fólki alvara með að snúa við þeirri óheillaþróun sem átti sér stað fyrir 2007 þá verður það að vera meira en orðin innantóm, það verður jafnframt að sjást í verki, í áætlunum og framkvæmdum.

*Höfundur er byggingarfulltrúinn í Reykjavík. Ofangreindar skoðanir eru höfundarins en ekki settar fram í nafni embættis byggingarfulltrúans í Reykjavík.*


VELDU VIÐHALDSFRÍTT
Íslenskir gluggar fyrir íslenskt veðurfar




Næturöndun og barnalæsing
Glerjað innanfrá
28 mm K-gler
Samskeyti brædd-ekki skrúfuð

Íslensk framleiðsla
Þýskur smíðaprófíll
Hröð afhending
Áratuga ending

5 punkta læsing í hurðum
Aukið öryggi
Aukin einangrun
Hvítt eða viðarútlit

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu
PGV Framtíðarform ehf - sími 510 9700 - www.pgv.is



Þráir þú dýpri svefn? Heilsurúm í sérflokki
TEMPUR DÝNUR OG KODDAR




12 mánaða vaxtalaus kjör
*3,5% lántökugjald.

Tilboð á heilsurúmum
C&J stillanlegt 2 x 80 x 200cm
Með Tempur heilsudýnu
TILBOÐ Kr. 599.900,- Fullt verð 749.875,-
20% afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin frá C&J:
- Inndraganlegur botn.
- Lyftigeta er yfir 2 x450 kg per botn.
- Mótor þarfnast ekki viðhalds.
- Tvíhert stálgrind undir botni.
- 2 nuddmótorar með tímarofa.
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi.
- LED lýsing undir rúmi - góð næturlýsing.
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Tempur heilsudýnur.



Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LÍF OG FJÖR Í BÚÐARDAL

**Bæjarhátíðin „Er ég kem heim í Búðardal“ verður haldin í Búðardal um helgina. Þar verður boðið upp á tónlist af ýmsu tagi, kjötsúpukvöld, markað, sýningar, kvöldvöku og dansleik með Skítamóral. Sjá nánar á www.budardalur.is.**


MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA



*Sérstök brúðkaupsgjöf*

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.





Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.

Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir alla föstudaga. Hér er hann með kjúklingabringur í teriyaki-legi með steiktum sætum kartöflum og jógúrtsósu.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka rétti úr Holtakjúklingi frá Reykjagarði. Næstu föstudaga mun hann bæta um betur með girnilegum kjúklingaréttum á forsíðu Fólks. Hér er hann með uppskrift að kjúklingabringum í teriyakimarineringu sem bornar eru fram í hamborgarabrauði með steiktum sætum kartöflum og jógúrtsósu. Þetta er réttur sem fljótlegt er að útbúa og tekur örstutta stund á grillinu. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan ljúffenga rétt í kvöld klukkan 21.30 á ÍNN. Þættirnir eru endursýndir yfir helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.



KRISTJÁN ÞÓR HLÖÐVERSSON

## TERIYAKI-KJÚKLINGABRINGUR Í BRAUÐI

### MEÐ STEIKTUM SÆTUM KARTÖFLUM OG JÓGÚRTSÓSU

**Kjúklingur**

4 Holta-bringur
4 hamborgarabrauð
Ólífuolía
Rauðlaukur
Tómatar
Rómansalat
Parmesanostur

**Marinering**

75 ml teriyaki-sósa
25 ml sesamolía
Safi úr einni límónu

**Aðferð**

Kjúklingabringur eru klofnar eftir endilöngu og svo bankaðar örlítið. Látnar liggja í marineringunni í um 40 mínútur og svo grillaðar í um 2 mínútur á hvorri hlið. Ólífuolía sett á hamborgarabrauðið og það ristað á grillinu.

**Sætar kartöflur**

2 stórar sætar kartöflur
Ólífuolía
Sykur og salt

Sætu kartöflurnar skrældar og skornar í ferninga sem eru um 1 cm x 1 cm. Smá sykri og salti stráð yfir kartöflurnar ásamt ólífuolíu. Steikt í steikingarpotti í um 15 mínútur í ofni.

**Jógúrtsósa**

1 dós hreint jógúrt
1/4 gúrka, taka kjarna úr
1 tsk hrásykur
Salt og pipar
Öllu blandað saman.


Sumar tilboð NINGS

- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Wok steiktar eggjanúðlur með karrý og grænmeti
- Kjúklingur og grænmeti Kung Pao
- Stökkt svínakjöt og grænmeti orange
- Jasmín hrísgrjón og soyasósa.

3790 krónur fyrir tvo
1895 krónur á mann
Tilboðið er eingöngu fyrir 2 eða fleiri

Veru vinur okkar á facebook. Drögum út 20 vinningshafa í sumar á facebook, vertu með.

2 l. af Pepsi eða Pepsi Max á ...
99 krónur
þegar þú kaupir Sumartilboð Nings

Nings-is kókos eða mangó
149 krónur
í allt sumar



Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is













**SJÁLFBÆRNI** Axel Benediktsson, forstöðumaður Sesseljuhúss, segir Orkugarðinn ætlaðan öllum aldurshópum sem hafa áhuga á umhverfismálum og sjálfbærri orku. MYND/PJETUR

# GAGNVIRKUR ORKUGARÐUR

**UMHVERFISMÁL** *Vindmylla, sólarsellur og smávirkjun er meðal þess sem er til sýnis í nýja Orkugarðinum sem opnar á Sólheimum um helgina. Garðurinn er ætlaður öllum sem hafa áhuga á umhverfismálum og sjálfbærri orku.*

Orkugarður verður opnaður á Sólheimum í Grímsnesi á morgun, laugardaginn 7. júlí, í tengslum við tíu ára afmæli Sesseljuhúss. Garðurinn verður bæði innan- og utandyra en miðstöð hans er í Sesseljuhúsi. Axel Benediktsson, forstöðumaður Sesseljuhúss, segir markmiðið með gerð Orkugarðsins vera að skapa fræðslu- og skemmtigarð um endurnýtanlega orkugjafa. „Hugmyndin á bak við garðinn er gömul. Hana má rekja til verkefnisins Hrein orka - betri heimur, sem sett var upp hér á Sólheimum árið 2008 í samstarfi við Orkusetrið á Akureyri. Við ákváðum í kjölfarið að opna einnig fræðslugarð utandyra og hófumst handa við að afla styrkja fyrir uppbyggingu garðsins."

Axel segir Orkugarðinn ætlaðan öllum aldurshópum sem hafa áhuga á umhverfismálum og sjálfbærri orku. Sérstaklega sé þó reynt að höfða til grunnskólabarna. Innandyra er sem fyrr sýning um endurnýjanlega orkugjafa og fræðsluefni tengt orkumálum á Íslandi og á Sólheimum. „Utandyra er nú meðal annars búið að upp vindmyllu og búið er að setja sólarsellur á þak Sesseljuhúss. Sólheimar eru með eigin smáhitaveitu sem sýnir nýtingu jarðvarmans. Auk þess hefur verið sett upp smávirkjun í læk sem rennur í gegnum byggðina á Sólheimum. Nemendur og kennarar Iðnskólans í Hafnarfirði hafa smíðað hjól í hana sem framleiðir rafmagn. Það er því óhætt að segja að hér sé um gagnvirka og skemmtilega sýningu að ræða sem gaman er að horfa á."

Sesseljuhús var opnað í júlí árið 2002 og er nefnt í höfuðið á Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur, stofnanda Sólheima, sem var langt á undan sinni samtíð í umhverfismálum. Húsið hýsir í dag ýmsa starfsemi, meðal annars fjölbreytt fræðslustarf, fyrirlestra, lýðræðisbúðir fyrir ungt fólk frá Evrópu, háskólanám er í boði fyrir bandaríska nemendur auk almennrar fræðslu um umhverfis- og mannrækt. Sesseljuhús var tímamótabygging á sínum tíma og sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis sem byggð var eftir evrópskum stöðlum um umhverfisvænar byggingar.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra mun opna Orkugarðinn á morgun. Dagskráin hefst klukkan 16 og segir Axel alla velkomna. ■ starri@365.is



**VIRKJAÐ** Smávirkjun í Orkugarðinum á Sólheimum framleiðir rafmagn.



**ORKA** Vindmylla í Orkugarðinum á Sólheimum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# FJÖLÞJÓÐLEG FJÖLLISTAHÁTÍÐ

*Listahátíðin Æringur fer fram á Snæfellsnesi um helgina.*

Listahátíðin Æringur fer fram í sjávarþorpinu Rifi á norðanverðu Snæfellsnesi um helgina. Þetta er í þriðja sinn sem hátíðin er haldin en hún flytur sig um set árlega. Aðstaða hátíðarinnar í ár er í Frystiklefanum sem er fjölnota leikhús og menningarmiðstöð í Rifi.

Helga Páley Friðþjófsdóttir og Kári Viðarsson eru stjórnendur hátíðarinnar í ár. Samtals taka fimmtán listamenn þátt og er bakgrunnur þeirra af ýmsum listrænum toga. Þeirra á meðal eru myndlistarmenn, dansarar, leikarar, tónlistarfólk og sviðslistafólk. „Þetta er fjölþjóðleg fjöllistahátíð," segir Kári og bætir við: „Um það bil helmingur þátttakenda er íslenskur en hinn helmingurinn samanstendur af Norðmönnum, Svíum, Finnum, Frökkum og Þjóðverjum." Þessir listamenn eiga það þó sameiginlegt að vinna með umhverfið og samfélagið á einhvern hátt í verkum sínum.

Listamennirnir hafa unnið hörðum höndum síðastliðnar tvær vikur við undirbúning hátíðarinnar en opnunin fer fram á morgun, laugardag, klukkan 16. Þar stíga á stokk hljómsveitirnar Boogie Trouble og DJ flugvél og geimskip.

Með fram sýningunni verður listamannaspjall, leiksýningar og fleiri viðburðir til fróðleiks og skemmtunar. Sýningin í Frystiklefanum er opin út júlímánuð. ■ halla@365.is




**FRYSTIKLEFINN Á RIFI** Aðstaða Ærings í ár er í menningarmiðstöðinni Frystiklefanum á Rifi.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala



aldrei betra verð

Haag sófinn
Verð var 249.900.-
tilboðsverð
179.900.-
Þú sparar 70.000.-

Vinstri eða hægri tunga.

allar gamlar textílvörur



50%



50%



Stólar
Var 17.900.-
nú
10.740.-



60%

Borð
Var 39.900.-
nú
23.940.-



Borð
Var 29.900.-
nú
17.940.-

Politrattansett
40%
þola að vera út í allt að -15° gráðum!

ARNA FRÍÐA



50%

bambus 50%

the PIER

...og ótal mörg önnur tilboð

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

**S.K.E - Verk sf.**
Tökum að okkur allt almennt viðhald húsa og nýsmíði. Áratugareynsla. Uppl. s. 861-7749

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

## Tölvur




## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í tölfuskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska




Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is



Til sölu nýr frystiklefi og búnaður ATB 202 (1.62 kw ,400V 3ph/ 50Hz. Stærð: 2100 x 1500 x 2000mm. Verð 1385.000.- m/vsk Uppl. info@senson. is Sími 511-1616.



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavéla. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**
**220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
***Jón og Óskar* - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Heimilistæki

Til sölu ýmsar gerðir af notuðum ísskápum og stórum frystiskápum. Uppl. s. 693 7141.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til byggingar



**Kvistir**
Sérsmíðaðir kvistir á þök. Uppsetning tekur aðeins einn dag. Frábær fjárfesting. www.kvist.is adalsteinna@simnet.is S:846 5278.

## Verslun




# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Húsgögn til sölu borðstofuborð, stólar og glerskápar. Tilboð óskast.S:848 1718

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 773 0317.

Herbergi til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Öll aðstaða til staðar. Uppl. í s. 899 7004.

Til leigu frá byrjun ágúst 170 m2 einbýli á stórri lóð með útsýni yfir Elliðavatn. 230 þ. á mán. Uppl. í síma 696 0730

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

2 herb. í miðbæ RVK. Húsgögn fylgja. Sameiginl. eldhús, bað og þvottaherb. í 4ja herb íbúð. V. 75 þ. s. 895 0482

## Húsnæði óskast

**Rizzo Pizzeria óskar eftir íbúð!**
Óska eftir 4, herbergja íbúð í Mosó og nágrenni. Sem allra fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl í síma 663 2502 eða solla@rizzo.is

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óskar eftir þjónustuliprum og brosmildum vaktstjórum og almennum starfsmönnum í fullt starf. Unnið á 15 daga vöktum. Aðeins 20 ára og eldri og aðeins íslenskumælandi. Eingöngu um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

**Þjónn óskast!**
**Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 899 1965.**

**Nonnabiti**
**Duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabitum, fullt starf/hlutastarf. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20.ára. Íslennsku kunnátta skilyrði. Upplýsingar í s. 699 1095**

**Fiskikóngurinn-starfsfólk óskast.**
2 vanar manneskjur óskast til starfa STRAX, við snyrtingu og pökkun, íslenskar sem útlenskar, helst vanar. Flakari óskast. Upplýsingar Kristján 896 0602

Veitingahús í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í sal aðra hverja helgi. Uppl. í S. 822 5229 milli kl.14-16.

Óska eftir múrara og flísalagningamanni. Uppl. s. 866 6291

**AUKAVINNA!**
Óska eftir þjónustustúlku í aukavinnu stundum á kvöldin á BanThai veitingahús þarf að geta byrjað strax Komið á NanaThai Skeifunni 4 á milli 14:00-16:00 til að sækja um

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.

Engin bið nema þegar talað er.

65 ára karlmaður óskar eftir að kynnast konu sem ferðafélaga með náin kynni í huga. 100% trúnaði heitið. Áhugasamar sendi á merkt „1946" á thjonusta@365. is eða sendi svarbréf á fréttablaðið.

## Til sölu



**NÝ COLEMAN CHEYENNE 10 fet**
Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð. **Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 2.389.800 kr. Komdu og skoðaðu.**



**NÝ COLEMAN SEDONA 8 fet**
Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð. **Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 1.789.800 kr. Komdu og skoðaðu.**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR
Íslensk-Bandaríska ehf • Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ • S. 534-4433 • Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga lokað • www.isband.is

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

### Óveruleg breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 Miðsvæði (M9) við Vesturlandsveg - Korputorg

Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 varðandi starfsemi á miðsvæði M9.2 við Blikastaðaveg. Breytingin felur í sér að heimil verði fjölbreyttari atvinnustarfsemi á svæðinu, s.s. vörugeymslur og netþjónabúa (gagnaver), auk verslunar og þjónustu. Breytingartillagan nær til kafla um miðsvæði í Greinargerð I. Sjá nánar um tillögu á vef skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, *skipbygg.is*.

Aðalskipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um óverulegar breytingar á aðalskipulagi.

Skipulagsstjórinn í Reykjavík.

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir

# tímamót

timamot@frettabladid.is



57 **SIGURÐUR SIGURJÓNSSON** leikari á afmæli í dag.

*„Minn eini og sanni leiklistarskóli voru menn eins og Bessi Bjarnason og Rúrik Haraldsson.“*

*Í viðtali við Fréttablaðið 10. janúar 2011.*




Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**VALGERÐUR GUÐLAUGSDÓTTIR**
**frá Seyðisfirði,**
**áður til heimilis að Smáraflöt 16 í Garðabæ,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði aðfaranótt mánudagsins 2. júlí sl.

**Herdís Rut Hallgrímsdóttir** **Ásdís Bernburg**
**Grétar Guðmundsson**
**Hallgrímur S. Hallgrímsson** **Helga S.L. Bachmann**
**Óli Svavar Hallgrímsson** **Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé**
**barnabörn og langömmubörn.**



Ástkær móðir okkar, amma og tengdamóðir,

**GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR URUP**
**myndlistarkona,**
**frá Sauðárkróki,**
**Vejlesøvej 34A, Holte 2840, Danmörku,**

lést fimmtudaginn 28. júní í Holte. Útförin fer fram 11. júlí í Virum Kirke kl. 12.00.

**Kristín, Edda, Arne, Tora**
**Stefan, Stella, Bertil, Laurence, Kjartan**
**Jan, Jonathan**



Kær vinkona mín,

**DROPLAUG GUÐMUNDSDÓTTIR**
**til heimilis að Dalbraut 27, Reykjavík,**

andaðist á öldrunarlækningadeild Landspítalans, Landakoti, sunnudaginn 1. júlí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 9. júlí kl. 13.00.

**Kristín Waage**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**HEIÐUR JÚLÍUSDÓTTIR**
**Víðilundi 24, Akureyri,**

lést þriðjudaginn 3. júlí að Hlíð, dvalar- og hjúkrunarheimili Akureyrar.

**Alda Sigurveig Sigurðardóttir** **Kristján Gunnarsson**
**Ægir Sigurðsson** **Alma Vestmann**
**Ásvaldur Sigurðsson** **Kolfinna Þorfinnsdóttir**
**Herdís Júlía Sigurðardóttir** **Viggo Reinert**
**Karl Heiðar Sigurðsson** **Hólmfríður Jóhannsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR INGIBJARGAR SIGURÐARDÓTTUR**
**frá Fáskrúðsfirði,**
**Lækjasmára 6, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítala Fossvogi deild 2B fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Eggert Oddur Össurarson**
**Sigurður Þórir Eggertsson** **Ingileif Kristinsdóttir**
**Valdimar Eggertsson** **Ásta Sigurjónsdóttir**
**Guðbjörg Eggertsdóttir** **Ásmundur Ólafsson**
**Ásdís Eggertsdóttir**
**Gunnar Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**HEKLA DÖGG** „Það felst mikil áskorun í því að kenna, hver hópur er ólíkur þeim sem á undan kemur og aðferðirnar við að ná til nemenda eru alltaf að breytast,“ segir Hekla Dögg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HEKLA DÖGG JÓNSDÓTTIR: RÁÐIN PRÓFESSOR Í TÍMATENGDRI MYNDLIST

## Meistaranám breytir miklu

Hekla Dögg Jónsdóttir myndlistarmaður var nýverið ráðin prófessor í myndlist í tímatengdum miðlum við Listaháskóla Íslands (LHÍ). Hekla Dögg, sem er 42 ára gömul, hefur kennt við LHÍ nokkurn veginn síðan hún lauk sínu myndlistarnámi árið 1999. Í hennar kennslu hafa tímatengdir miðlar komið við sögu og hún útskýrir fúslega hvað átt er við með þeirri lýsingu.

„Miðlarnir eru til dæmis gjörningar, kvikmyndir, vídeó, tölvur og alls kyns gagnvirkir miðlar. Þess má geta að það fyrsta sem ég kenndi í LHÍ var gjörningar en ég hafði sjálf verið svo heppin að hljóta kennslu í gjörningum hjá Hannesi Lárussyni þegar ég var í námi við Myndlista- og handíðaskólann sem þá var og hét. Þá fékkst ég mikið við gjörninga og gjörningar hafa haft mikil áhrif á mínar innsetningar,“ segir Hekla Dögg sem hefur haldið fjölda sýninga á sínum ferli sem myndlistarmaður auk þess að hafa komið að stofnun Kling & Bang svo fátt eitt sé nefnt.

Hún lauk námi við Myndlista- og handíðaskólann árið 1994, fór til Þýskalands í viðbótarnám en hélt svo til Kaliforníu þar sem hún nam við Listaháskólann í Kaliforníu, California Institute of the Arts. Þaðan lauk hún BA-prófi 1997 og MFA-prófi í myndlist og samþættum myndmiðlum 1999.

„Mér þykir mjög áhugavert að hafa lært í þessum ólíku löndum. Ég hafði kynnst því að vera í litlum íslenskum skóla þar sem maður þurfti að vera sjálfstæður og móta sínar eigin leiðir þegar ég fór til Þýskalands. Þar eru stórir skólar og prófessorarnir komu í tímana svona einu sinni í mánuði. Þegar ég fór til Kaliforníu tók svo við mikil vinna hjá mér. Mér fannst ég svo heppin að fá að læra þar að ég skráði mig alltaf í of marga kúrsa og þurfti að fá undanþágu frá kennurum til að taka þá. Þar lærði ég líka að vinna á vinnustofum sem ég hef gert síðan þá.“

Hekla Dögg segir mikið fram undan í Listaháskólanum. „Í fyrsta sinn í haust verður boðið upp á meistaranám í myndlist og sú breyting á eftir að hafa margvísleg áhrif á grunnnámið og skipulag þess. Það fyrsta sem ég þarf að takast á við í nýju starfi er meðal annars þessar skipulagsbreytingar.“

Hekla Dögg er að vonum afar ánægð með nýja starfið og hlakkar til að hefja störf 1. ágúst næstkomandi. „Það felst mikil áskorun í því að kenna, hver hópur er ólíkur þeim sem á undan kemur og aðferðirnar við að ná til nemenda eru alltaf að breytast. Þannig má segja að það haldi manni ferskum að kenna,“ segir hún að lokum.

**sigridur@frettabladid.is**

## Setur inn fréttir af samningaviðræðum á Facebook

Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið, ESB, bryddaði nýverið upp á þeirri nýjung að setja fréttir af framgangi viðræðna á Facebook-síðu. Tæplega 300 manns höfðu gerst fylgjendur síðunnar þegar Fréttablaðið hafði samband við Stefán Hauk til að forvitnast um þessa nýbreytni í stjórnsýslunni.

„Eitt af verkefnum mínum sem aðalsamningamaður Íslands í aðildarviðræðunum við ESB er að upplýsa sem best um stöðu viðræðna og framvindu þeirra. Ég hef átt fjölda funda um land allt með ólíkum hópum sem hafa óskað eftir kynningu á viðræðunum. Ég vona að upplýsingar um stöðu viðræðnanna geti stuðlað að því. Við höldum líka úti öflugri heimasíðu í þessu augnamiði, Viðræður.is, þar sem kappkostað er að birta öll gögn málsins.

Utanríkisráðuneytið heldur úti sínum eigin Facebook-síðum, á íslensku og ensku, en eftir því sem ég kemst næst er þetta í fyrsta sinn sem embættismaður hér notar þennan miðil í sínum opinberu störfum,“ segir Stefán Haukur og bætir við að þar sem Íslendingar séu þjóða mest á Facebook sé viðeigandi að upplýsa um viðræðurnar eftir þeirri leið.

„Margir, og sérstaklega ungt fólk, sækja í samfélagsmiðla til að fá sínar upplýsingar og vilja hafa möguleikann á að líka við efni og deila því áfram. Hugsanleg Evrópusambandsaðild er gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir ungt fólk og það er mikilvægt að fólk kynni sér málin frá öllum hliðum sem og kosti og galla aðildar þegar að því kemur að kjósa um aðildarsamning. Persónulega finnst mér einn stærsti kosturinn við Facebook vera hvað það getur verið skemmtilegur andi þar. Það er mikilvægt að halda í léttleikann þó við séum að fjalla um stór og oft umdeild málefni. Það má alveg skipta út gífuryrðum og ásökunum fyrir upplýsta umræðu að mínu mati.

Við skulum ræða málin á upplýstan og uppbyggilegan hátt og ég býð alla velkomna að umræðunni,“ segir hann að lokum.

**- sbt**



**STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON** Notar Facebook fyrstur embættismanna.

### Merkisatburðir

**1189** Ríkharður ljónshjarta krýndur konungur Englands.

**1483** Ríkharður 3. krýndur konungur Englands.

**1859** Queensland verður sjálfstætt nýlenda Breta í Ástralíu.

**1946** Íslendingar taka við Reykjavíkurflugvelli af Bretum við hátíðlega athöfn.

**1950** Fyrsta Landsmót hestamanna sett á Þingvöllum.

**1954** Stórrigningar á Norðurlandi valda skriðuföllum og flóðum, einkum í Norðurárdal í Skagafirði, þar sem jarðirnar Ytri-Kot og Fremri-Kot urðu mjög illa úti.

**1958** Eyjólfur Jónsson sundkappi syndir frá Reykjavík til Akraness, en það er 22 km leið. Sundið tók rúmlega 13 klukkustundir.

**1964** Malaví hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi.

**1987** Sænska rokkhljómsveitin Europe heldur vel sótta tónleika í Laugardalshöll.




ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 2 NETFRELSI AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** elds, **6.** í röð, **8.** aldur, **9.** klampi, **11.** drykkur, **12.** hengingartré, **14.** safna saman, **16.** berist til, **17.** ágæt, **18.** meðvitundarleysi, **20.** í röð, **21.** fyrr.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ílát, **3.** tímaeining, **4.** nennuleysi, **5.** gerast, **7.** stífa, **10.** angan, **13.** gifti, **15.** ilmur, **16.** augnhár, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** báls, **6.** rs, **8.** rek, **9.** oki, **11.** te, **12.** gálgi, **14.** smala, **16.** bt, **17.** fín, **18.** rot, **20.** fg, **21.** áður.

**LÓÐRÉTT: 1.** trog, **3.** ár, **4.** letilíf, **5.** ske, **7.** skástoð, **10.** ilm, **13.** gaf, **15.** angi, **16.** brá, **19.** tu.


# Helgarblað
alla laugardaga



## Eftirmál afans sem hvarf

Myndlistarmaðurinn John Stephenson segir frá ævi sinni og íslenskum afa sínum sem hvarf vestur um haf frá eiginkonu og fjórum börnum.

**Meðal annars efnis:**

**Besta útivistarmyndin**

Úrslit í fyrstu ljósmyndakeppni sumarsins í Fréttablaðinu.




**Allt sem þú þarft**


# Af sérfræðiöpum

BAKÞANKAR
Magnús Þorlákur Lúðvíksson



Þeirri skoðun virðist hafa vaxið ásmegin undanfarið að svokallaðir sérfræðingar séu oft og tíðum lítils virði og benda menn þá oft á að sprenglærðir bankamenn hafi nærri sett landið á hausinn. Slíkur málflutningur hefur án vafa gengið of langt síðustu ár. Það er hæpið að ætla að við værum betur sett án lækna á bráðamóttöku eða lögfræðinga í Hæstarétti. Sérfræðingar taka jafnan ákvarðanir í samræmi við viðtekin fræði. Hinn valkosturinn er væntanlega að notast við tilfinningu, ágiskun eða hugmyndafræði. Sá valkostur hljómar ekki vel.

**AÐ ÞVÍ** sögðu má finna sannleikskorn í orðræðunni. Rannsóknir hafa leitt í ljós að ýmsar tegundir sérfræðinga eru of kokhraustar þegar kemur að því að spá fyrir um óvissa framtíð. Í frægri tilraun sálfræðingsins Philip Tetlock voru 284 álitsgjafar fengnir til þess að spá fyrir um þróun í stjórn- og efnahagsmálum nokkur ár fram í tímann. Undir þá var borinn fjöldi mögulegra atburða og þeir beðnir um að meta líkur á ólíkum útkomum. Niðurstöðurnar reyndust ansi vandræðalegar því álitsgjafarnir stóðu sig að meðaltali verr en ef þeir hefðu sagt jafnar líkur á útkomunum. Með öðrum orðum stóðu þeir sig ekki betur en apar að kasta pílum á spjald. Svipaðar rannsóknir benda til þess að einföld þumalputtaregla (eða flóknari stærðfræðijafna) standi sig betur við spágerð en fjölmargar tegundir sérfræðinga.

**EN HVENÆR** má treysta sérfræðingum? Oft, en það ber að vara sig þegar þeir spá fyrir um framtíðina. Til þess að slíkar spár séu traustsins verðar verða tvö skilyrði að vera uppfyllt. Spárnar verða að varða svið sem er nokkuð reglubundið auk þess sem viðkomandi verður að hafa hlotið langvarandi þjálfun. Gott en kannski öfgafullt dæmi er skák sem er bæði flókin og reglubundin. Afburðaskákmenn geta af mikilli færni spáð fyrir um hvert skák mun þróast þar sem þeir hafa kynnst lögmálum skáklistarinnar við æfingar um árabil. Svipaða sögu má segja um hinar ýmsu starfsstéttir sem starfa í umhverfi þar sem reglu, mismikla auðvitað, er að finna.

**MÁLIÐ** er einfaldlega að því óreiðukenndara sem umhverfi er, því erfiðara er að spá fyrir um þróun þess. Vangeta margra sérfræðinga við spágerð stafar ekki af óhæfi heldur fremur því að verkefnið, spágerð, hefur sjaldnast einfalda lausn. Það stoðar því lítið að áfellast sérfræðinga fyrir að hafa spáð vitlaust hafi spádómurinn varðað flókið og óreglulegt gangverk, svo sem hegðun mannskepnunnar. Og hvað þá að dæma menn eða stéttir úr leik þar sem viðkomandi höfðu einhvern tímann rangt fyrir sér! Það sem er hægt að gagnrýna er að menn hafi ekki gert sér grein fyrir því hve erfitt verkefnið var. Það er sjaldnast endurmenntun sem svokallaða sérfræðinga skortir, það er miklu frekar auðmýkt.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ALLT Í ÚTILEGUNA

## -Á BETRA VERÐI




| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Vindsæng** lítil 1.999 stór 3.999 | **Kúlutjald** 2 manna TILBOÐ 2.999 ~~3.999~~ | **Svefnpoki** TILBOÐ 2.999 ~~3.999~~ | **Fótpumpa** TILBOÐ 699 ~~1.099~~ | **Go&Camp Pop-up** 2 manna tjald TILBOÐ 4.999 ~~6.999~~ |
| **Álpottasett** TILBOÐ 1.999 ~~2.499~~ | **Kælielement** 2x400gr TILBOÐ 299 ~~399~~ | **Útileguketill** TILBOÐ 999 ~~1.599~~ | **Vatnskútur** 14 lítra TILBOÐ 499 ~~699~~ | **Ál-drykkjarflaska** TILBOÐ 699 ~~899~~ |
| **Coke 2 lítra** 4 í pakka 998 | **Jack Daniel´s BBQ sósur** Finndu muninn! | **Hamborgarar** 4stk með brauði | **Santa Maria BBQ Marinering** Einfalt og frábært í ferðalagið! | **Ferskar kjúlingabringur** Prófaðu að setja þær í Santa Maria BBQ marineringu TILBOÐ 2.283 kr/kg ~~2.845~~ |

## ÓMISSANDI Í ÚTILEGUNA!

*úrval af grillvörum!*

ÖFLUGUR 3,9 kWh BRENNARI

*HÆGT AÐ FELLA SAMAN!*

TILBOÐ 19.999 ~~24.999~~

**Mr. Grill H-4000**
**FERÐAGASGRILL MEÐ VAGNI**
- 3,9 KWH
- ELDTEMJARI
- NIÐURFELLANLEGAR HLIÐARHILLUR
- ELETRÓNÍSK KVEIKJA
- STÆRÐ: 1050x460x950mm
- ELDUNARSVÆÐI: 430x350mm
- SAMFELLANLEGUR VAGN
- GASSLANGA OG ÞRÝSTIJAFNARI

ÖFLUGUR 3,9 kWh BRENNARI

TILBOÐ 14.999 ~~19.999~~

**Mr. Grill H-4000A**
**FERÐAGASGRILL**
- 3,9 KWH
- ELDTEMJARI
- NIÐURFELLANLEGAR HLIÐARHILLUR
- ELETRÓNÍSK KVEIKJA
- ELDUNARSVÆÐI: 430x350mm
- GASSLANGA OG ÞRÝSTIJAFNARI FYLGJA

24 Hagkaup **OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 8.júlí á meðan birgðir endast.
Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Garðabæ, Kringlunni, Smáralind og Skeifunni. Minna úrval í öðrum verslunum.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS MÆLIR MEÐ
GÓÐ KAUP
BÓNUS Hamborgarar
100% KJÖT
10 stk. x 120 g
NETTÓÞYNGD 1,2 KG
1598
KR. 10 STK
BÓNUS 10 STK / 120 GR.
100% NAUTAHAMBORGARAR
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
159
KR. 4 STK
STÓR X-LARGE
HAMBORGABRAUÐ
NÝ UPPSKERA
FRÁ FRAKKLANDI
KARTÖFLUR
259 KR.KG
5stk.
BÓNUS
PYLSUBRAUÐ
260g
159
KR. 5 STK.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
639
KR. 560 G
SS VÍNARPYLSUR 10 STK.
EINNOTA GRILL
298
KR. STK
HEIMA
EINNOTA GRILL
Varma Koppen
Ávaxtasúpa - Sveppasúpa- Minestrone/ Ítölsk súpa -
Blómkál & brokkolí - Kjúklingasúpa - Eplasúpa með kanil -
Þrjár súpur í pakka 198 KR.
BÓNUS SAMLOKAN
198
KR. STK
MEÐ HANGIKJÖTI - RÆKJUSALATI - TÚNFISKSALATI
MYLLU SKÚFFUKAKA
MEÐ SÚKKULAÐIKREMI 380 GR.
359 KR.
MYLLU SKÚFFUKAKA 380 G
100 KR. VERÐLÆKKUN VERÐ ÁÐUR 459 KR.
ÆDI BITAR
Hraun BITAR
Prins BITAR
GÓU-ÞRENNAN
598 KR. 3 X 200 GR. KASSAR
HANDY SMOKKAR 18 STK.
HVER SKEMMTUN AÐEINS 16.5 KR.
298 KR.PK
Coca-Cola
Coca-Cola light
98
KR. 500 ML
pepsi
779
KR. 8 LTR.
EURO SHOPPER
ORKUDRYKKUR
ENERGY DRINK
250 ML.
ENERGY DRINK SUGAR FREE
ENERGY DRINK
69
KR. 250 ML
FIMMTÁN HEITAR
VÖFFLUR FYRIR
298 KR.
BÓNUS VÖFFLUMIX 475 G. ÞURREFNI
BÓNUS VÖFFLUR
15
RABBARBARA sulta BÓNUS
BÓNUS RABBABARA-
SULTA 500 ML: 398 KR.
EUORSHOPPER ÞEYTIKREM
250 ML: 198 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT OG FERSKT Í BÓNUS
OPIÐ Í DAG FÖSTUDAG 10:00 -19:30
íslenskt grænmeti
GARÐYRKJUSTÖÐIN GUFUHLÍÐ íslensk gúrka
ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
349 KR.KG
ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR
139 KR. STK
ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ
798 KR.KG
NÝ HOLLENSK PAPRIKA
GRÆN 398 KR.KG
NÝ HOLLENSK PAPRIKA
RAUÐ 498 KR.KG
HOLLENSKT NÝTT ICEBERG
298 KR.KG
AVACADÓ PAKKAÐ: 750G
495 KR.
USA SÆTAR KARTÖFLUR
269 KR.KG
SPÁNSKAR VATNSMELÓNUR
149 KR.KG.
SPÆNSK GUL MELÓNA
198 KR.KG
FUJI EPLI 2 STK
199 KR.
BÓNUS
FERSKT SPÍNAT 200 GR
BÓNUS SPÍNAT 200 GR
398 KR.
AMERÍSK BLÁBER STÓR ASKJA
BEINT MEÐ FLUGI
FERSK BLÁBER 290 GR
498 KR
FERSKUR STÓR ANANAS
359 KR. CA. 1.7 KG
GRÆN VÍNBER
498 KR.KG
FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is



**LJÓÐATÓNLEIKAR Í GLJÚFRASTEINI** Íslenski safnadagurinn er á sunnudaginn. Þá verður ókeypis að Gljúfrasteini frá 9 til 17. Klukkan 16 munu Kristín Bergsdóttir, Steingrímur Teague og Ómar Guðjónsson flytja fjölbreytta ljóðatónleika fyrir gesti á íslensku, ensku og portúgölsku.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 06. júlí 2012**

### → Gjörningar

**18.00** Tónlistargjörningurinn Art Book Orchestra eftir Konrad Korabiewski verður fluttur í Bókabúð-verkefnarými í Skaftafelli.

### → Tónleikar

**20.00** Bjarni Arason, Herbert Guðmundsson, Tinna Gunnlaugsdóttir, hljómsveitin Mirra og Rúnar Þór eru meðal þeirra sem fram koma á minningartónleikum fyrir Jón Björn Marteinsson í Kópavogskirkju. Jón Björn lést úr krabbameini 14. mars síðastliðinn og rennur allur ágóði tónleikanna til krabbameinsdeildarinnar 11E. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Föruneyti G.H. verður með tónleika á hótelinu í Flatey. Á efnisskránni eru lög eftir þau sjálf, Bítlana og fleiri tónlistarmenn.

### → Sýningar

**17.00** Ting Cheng opnar sýninguna (Mixtape) Notes from the Midnight Mountain - Fast Download á Vesturvegg, Skaftfell Bistró.

### → Tónlist

**19.00** Tontería, Klysja, Stafrænn Hákon og Sykur spila á tónlistarhátíð á Dönsku kránni. Hátíðin er haldin í tilefni Hróarskelduhátíðarinnar í Danmörku. Aðgangur er ókeypis.

**21.30** Lame Dudes spila sín eigin lög ásamt perlum blús og kántrý meistaranna á Café Haítí. Hljómsveitin Ómagar spilar einnig nokkur lög. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Iðnaðarrokksveitin Legend heldur útgáfutónleika á Faktory í tilefni plötu sinnar Fearless. Sveitin mun spila hljómplötuna í heild sinni og lofa eggjandi sviðsframkomu. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Magnús R. Einarsson syngur og spilar lög eftir uppáhalds skáldin sín á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Bítlahljómsveitin Sixties kemur fram á Hressingarskálanum við Austurstræti. Aðgangur er ókeypis. Þetta verða síðustu tónleikar hljómsveitarinnar í Reykjavík.



**22.00** **Dúndurfréttir** spila á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.900 en kr. 2.500 í forsölu.

**22.00** R&B/Hip hop partí verður haldið á Gamla Gauknum. Fram koma Seth Sharp, Skinny T, Karen Skinner & Ástþór Óðinn, Limited Copy, Alan jones og Dynamic. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og aldurstakmark er 20 ára.

**23.00** Hljómsveitin Gestir og gangandi leikur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.59** Dúettinn 2Good verður með brakandi gleði á Gullöldinni. Dúettinn skipa Sigurjón Alexandersson gítarleikari og Vigdís Ásgeirsdóttir söngkona. Miðaverð er kr. 1.000.

**23.59** Tiny og Sölvi frumflytja nýtt myndband á Prikinu.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**SJÓN** Sneiðir hjá nostalgíu í kynslóðarsögu sem hann vinnur að um þessar mundir og stefnir á að ljúka á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sjón gefinn út í Bandaríkjunum

**Þrjár nýjustu skáldsögur Sjón, Skugga-Baldur, Argóarflísin og Rökkurbýsnir, verða á næstunni gefnar út í Bandaríkjunum og Kanada af forlaginu Farrar, Straus & Giroux. Sjón segir tækifæri og traust felast í samningnum.**

„Innan bókmenntaheimsins er það að vera gefinn út af forlagi á borð við Farrar, Straus & Giroux mikil traustsyfirlýsing,“ segir Sjón spurður um þýðingu þess að bækur hans Skugga-Baldur, Argóarflísin og Rökkurbýsnir verða gefnar út í Bandaríkjunum. „Undanfarin ár hafa bækur mínar verið gefnar út í Bretlandi og þær eru því til í þýðingu en það er ekki endilega víst að það sem er gefið út í Bretlandi rati yfir til Bandaríkjanna og hljóti dreifingu þar. Bækurnar hafa vissulega aðeins sést í bókabúðum þar. En þessi samningur þýðir það að bækurnar koma út og fá dreifingu í Bandaríkjunum og Kanada.“

Bandaríska forlagið, sem er eitt hið virtasta þar í landi, keypti útgáfurétt bókanna af forlagi Sjóns í Bretlandi, Telegram. „Ég seldi þeim heimsréttinn á Skugga-Baldri á sínum tíma. Og efaðist raunar um þá ákvörðun, forlagið er lítið. En síðan tókst þeim vel upp og ég fékk smá athygli fyrir þá bók,“ segir Sjón hógvær.

Skáldsögurnar þrjár hafa raunar fengið bæði athygli og dóma í þarlendum stórblöðum. Rökkurbýsnir, sem kom út á þessu ári í Bretlandi, var svo tilnefnd til hinna virtu verðlauna Independent Foreign Fiction Prize sem Sjón segir að hafi skipt sköpum fyrir bandaríska útgáfusamninginn. „Ég veit að þeir hafa haft augastað á mér undanfarin ár, allt frá því að ég fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, en tilnefningin ýtti öllu af stað á ný og samið var um útgáfu bókanna þriggja. Það er mikill heiður fyrir mig.“

### Velgengni Skugga-Baldurs lexía

Það var skáldsagan Skugga-Baldur sem hratt af stað ferðalagi verka Sjóns um heiminn, hún hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2005. Höfundurinn segist hafa lært dýrmæta lexíu af þeirri velgengni.

„Stundum er maður svo blindur á eigin verk. Þegar sú bók kom út þá hélt ég sannarlega að hún væri ekki að fara neitt, hún væri svo séríslensk og tungutakið sömuleiðis. En þarna lærði ég hvernig bækur ferðast um heiminn og hvernig allur góður skáldskapur sækir í nærumhverfi sitt. Og að heimsbókmenntir eru iðulega samtal á milli smærri samfélaga,“ segir Sjón og bætir við að kúrs sem hann kenndi í norrænum bókmenntum í Freie Universität í Berlín fyrir nokkrum árum hafi sannfært hann enn frekar um gildi þessarar kenningar.

„Þar skoðuðum við Glataða snillinga eftir Heinesen, Babettes gæstebud eftir Karen Blixen, Pan eftir Hamsun og Brekkukotsannál eftir Laxness. Þá varð mér ljóst að hjartað í norrænum bókmenntum er nærumhverfið – og sama á við um heimsbókmenntirnar.“

Sjón hefur ýmis járn í eldinum önnur en skáldsagnaskrif. Hann er á leið á tónlistarhátíð til frönsku borgarinnar Aix en Provence þar sem hann mun vinna að óperu ásamt tékkneska tónskáldinu Josef Adamik, sem var nágranni hans í Berlínardvöl fyrir tveimur árum. „Vonandi verður framhald á þeirri vinnu. Svo er ég að vinna að óperu upp úr Argóarflísinni ásamt danska tónskáldinu Peter Bruun. Hún verður frumsýnd í Danmörku næsta vor.“ Sjón segist hafa afar gaman af því að vinna með tónlist. „Ljóð á blaði og lesin ljóð eru allt annað en sunginn texti. Maður fer inn á annað svið tilverunnar um leið og hlustað er á tónlist. Það bætist við nýr skali, skali tilfinninganna, og þar með opnast leið inn í svæði mannssálarinnar.“

### Lengi að skrifa sögur

Með fram óperusmíð og öðrum störfum vinnur Sjón að skáldsögu. „Ég er með sögu í smíðum sem ég stefni á að ljúka á þessu ári, en hún kemur ekki út fyrir jólin. Ég tek mér góðan tíma í að skrifa skáldsögurnar mínar. Ég upplifi það að þær séu ekki stundleg fyrirbrigði eins og leikrit og óperur, sem eru fyrst og fremst lifandi í flutningi, og þær þurfa að standa fyrir sínu svo lengi sem þær eru til.“

Nýja bókin er kynslóðarsaga, saga manns sem fæddur er 1962, eins og Sjón, og sögunni lýkur 2012. „Ég reyni alltaf að setja mér nýja áskorun með hverri bók. Og ég hafði ekki skrifað kynslóðarsögu. Áskorunin felst meðal annars í því að reyna að finna leið til að skrifa þessa sögu í andstöðu við nostalgíu sem einkennir oft kynslóðarsögu. Þannig tengist þessi söguhetja ekki pönkinu, Smekkleysu eða Medúsu,“ segir Sjón.

En aftur að nýjum tíðindum, sér Sjón fram á að peningar fari að streyma inn í kassann við útgáfuna? „Nei, það eru nú ekki sérlega miklir peningar í fagurbókmenntum. En það felast í þessu mörg tækifæri fyrir mig. Og ekki síst er það gaman fyrir höfund frá litlu landi að geta átt samtal við stærri hóp fólks, við lesendur um allan heim.“

sigridur@frettabladid.is

LYFJA
– Lifið heil
Ómissandi í flugið!
Flugsokkar auka blóðflæði til fótleggja og minnka líkur á bjúg, bólgum, æðahnútum, æðasliti, fótapirringi og þreytu.

www.lyfja.is
Fyrir þig í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 60318 06/12

## Í OPNU TALSAMBANDI VIÐ ÞÝÐANDANN



„Ég er í opnu talsambandi við þýðandann minn, hún getur spurt mig að hverju sem er og borið undir mig allt sem hún er að velta fyrir sér,“ segir Sjón sem er afar ánægður með þýðanda bóka sinna yfir á ensku, Victoriu Cribb. „Hún er rosalega góður þýðandi. Ég hef nú ekki verið að gera henni auðvelt fyrir. Tungumálið í Skugga-Baldri byggir að mörgu leyti á rómantískri ljóðlist 19. aldar, í Argóarflísinni sæki ég í þýðingu Sveinbjörns Egilssonar á Ódysseifskviðum og textinn í Rökkurbýsnum er sambræðingur af nútímaíslensku og máli 17. aldar. En þessar þrautir leysir hún af stakri prýði og vel það.“ Sjón bætir við að þegar bækur eru tilnefndar til Independent Foreign Fiction Prize verðlaunanna þá sé bæði verið að tilefna höfundinn og þýðandann.

Til fróðleiks má geta að Skugga-Baldur heitir á ensku The Blue Fox, Argóarflísin hlaut nafnið The Whispering Muse og Rökkurbýsnir From the Mouth of the Whale.


Andrés Önd
SKEMMTILEGRA SUMAR MEÐ DISNEY!
GÁTUR · LEIKIR · FRÓÐLEIKUR UM ÍSLAND · SPURNINGAR · SÖGUR · TILRAUNIR
ÉG FER Í FRÍIÐ
MEÐ ANDRÉSI & FÉLÖGUM!
ÉG FER Í FRÍIÐ
GÁTUR, LEIKIR, SPURNINGAR OG FL!
RISA
Andrés EXTRA
BRANDARAB
Panka strik
Andrésína
Prinsessur
ERTU Á LEIÐ Í FRÍIÐ? BÆKURNAR FRÁ DISNEY ERU STÚTFULLAR AF SKEMMTUN OG FRÓÐLEIK FYRIR HRESSA KRAKKA, HVORT SEM ER Í BÍLNUM, SUMARBÚSTAÐNUM, TJALDÚTILEGUNNI EÐA HEIMA!
SUMAR LEIKUR Disney
LUKKUSEÐILL FYLGIR OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ Í SUMARLEIK DISNEY!
FÁST Í NÆSTU VERSLUN EÐA Á WWW.DISNEYBOK.IS




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 2D | KL. 5 -8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 4 - 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 8 - 10.25 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 3D | KL 6 - 9 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 – 10.30 | 10 |
| STARBUCK | KL 5.30 - 8 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL 10.20 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 10 |
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 10 | 12 |

Barnaheill Save the Children Iceland
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE AMAZING SPIDER-MAN 3D | 4, 7, 10.20(P) |
| WHAT TO EXPECT | 8, 10.15 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 10 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| AMAZING SPIDER-MAN VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 4 - 10:10 | 2D | 10 |
| DREAMHOUSE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:50 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:30 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL. TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DREAM HOUSE | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 6 | 3D | L |
| ROCK OF AGES | KL. 8 | 2D | 12 |
| LOL | KL. 6 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | | |
|---|---|---|---|
| LOL | KL. 8 - 10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 5:10 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 6 - 10 | 2D | 10 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DREAMHOUSE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| LOL | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDERMAN | KL. 8 - 10:50 | 3D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 3D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL. TALI | KL. 6 | 2D | L |


# Lói fyrir lengra komna

Bíó ★★★☆☆

**The Amazing Spider-Man**

Leikstjórn: Marc Webb

**Leikarar:** Andrew Garfield, Emma Stone, Rhys Ifans, Denis Leary, Campbell Scott, Irrfan Khan, Martin Sheen, Sally Field, Chris Zylka



**SANNFÆRANDI** Andrew Garfield er flottur í hlutverki Köngulóarmannsins.

Það eru ekki nema tíu ár liðin frá frumsýningu fyrstu myndarinnar í þríleik leikstjórans Sams Raimi um Köngulóarmanninn. Sú sería var á köflum ágæt en leið fyrir lélegar tölvubrellur og það að aðalleikarinn hentaði ekki í hlutverkið. Nú er því byrjað upp á nýtt og er það leikstjórinn Marc Webb (ekki grín) sem situr við stjórnvölinn. Aðdáendur þessarar langlífu myndasöguhetju fá að fylgjast með því eina ferðina enn hvernig hann varð eins og hann er, en í þetta sinn eiga þeir von á óvæntum glaðningi.

Sköpunarsaga Lóa er nefnilega þrælvel uppbyggð og Andrew Garfield er fullkominn í hlutverk Peters Parker. Emma Stone er sömuleiðis sannfærandi sem hin 17 ára Gwen Stacy, og í raun er leikaraliðið eins og það leggur sig í fantagóðum gír. Það er ekki fyrr en hasarinn hefst fyrir alvöru sem myndin misstígur sig. Eðlumaðurinn er ferkantað og klunnalegt illmenni og seinni hálfleikur The Amazing Spider-Man er mun meiri skrímslamynd en nokkurn tímann ofurhetjumynd. Þá er frágangi lausra enda einnig ábótavant, þó mig gruni reyndar að einhverjir þeirra verði leystir í framhaldsmyndum.

Það bendir samt ýmislegt til þess að Köngulóarmaðurinn eigi bjarta framtíð fyrir sér á þessum trausta grunni sem hér er byggður. Brellurnar eru fyrsta flokks og brandararnir til staðar. Það sem skiptir þó lykilmáli er að Lói er loksins orðinn bíóhetja sem haldandi er með. Sorrí Tobey Maguire, en nú sést það enn betur hvað þú varst lélegur Spædermann.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Skref í rétta átt fyrir Köngulóarmanninn.



**ENDLESS DARK** Hér má sjá Hólmkel Leó Aðalsteinsson ásamt bræðrunum Atla, Agli og Viktori Sigursveinssonum en á myndina vantar tvo meðlimi rokksveitarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þungarokk í þorpum

„Við spilum á stöðum sem þungarokkshljómsveitir halda aldrei tónleika á,“ segir Hólmkell Leó Aðalsteinsson, meðlimur hljómsveitarinnar Endless Dark, sem heldur af stað á Íslandstúr á morgun. Fyrstu tónleikarnir fara fram á Gamla Gauknum annað kvöld en að þeim loknum verður rokkað á Grundarfirði, Skagaströnd, Siglufirði, Akureyri og loks á Neskaupstað á rokkhátíðinni Eistnaflugi.

„Sumir bæirnir eru bara þorp og það koma kannski rosalega fáir en við ætlum bara að hafa gaman af því,“ segir Hólmkell en meðlimir sveitarinnar eru frá Ólafsvík og Grundarfirði. Hann bætir við að þeir spili í Kántríbæ og að hann efist um að þungarokk hafi hljómað þar áður.

Drengirnir reyndu að fá hljómsveitir frá hverjum bæ til liðs við sig. „Við könnuðum sem dæmi hvort það væri eitthvað band á Siglufirði en það virtist ekki vera svo Ugly Alex, sem kemur frá Akureyri, spilar líka með okkur þar.“ Hljómsveitin Press the Light ferðast með drengjunum allan hringinn og Mercy Buckets spilar jafnframt með þeim á Gauknum.

Hólmkell segir sveitina gríðarspenta fyrir Eistnaflugi þó rafmögnuð stemning hafi myndast á tónleikum þeirra þar árið 2010. „Þá þoldu 70 prósent tónleikagesta okkur ekki því við vorum ekki nógu þungir fyrir metalhausana,“ segir Hólmkell sem óttast ekki að slíkt endurtaki sig. „Við erum orðnir aðeins þekktari og betri en þá.“ **- hþt**

# Miley heillar mág sinn

Luke Hemsworth, bróðir leikaranna Chris og Liams Hemsworth, segir fjölskylduna afar ánægða með kærustu þess síðarnefnda, Miley Cyrus.

„Hún er yndisleg og börnin okkar dá hana. Hún heillaði okkur öll og mér finnst hún bæði áhugaverð og málefnaleg. Hún og Liam eru mjög lík og ég held að margir átti sig ekki á því að þau eru afskaplega ástfangin og þau eru góð saman,“ sagði Luke Hemsworth sem er leikari líkt og bræður hans og lék lengi í Nágrönnum.



**HEILLANDI** Stóri bróðir Liams Hemsworth segir fjölskylduna hrifna af Miley Cyrus. NORDICPHOTOS/GETTY





MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**FÖSTUDAGUR: GLASTONBURY THE MOVIE** 18:00, 20:00, 22:00 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00, 22:10 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00

FRÁ 13. JÚLÍ: **RED LIGHTS með Robert De Niro og Sigourney Weaver!**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.




# LÁGT VERÐ
## - ALLA DAGA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012




## ALLT FYRIR PALLINN



AFMÆLISVERÐ*
24.900kr.

Vnr. 0291452
Garðborð 90x200 cm og tveir bekkir 30x180 cm.
~~27.400kr.~~




Vnr. 89436375-7/394
PINOTEX pallaolía, glær, græn, brún eða fura, 5 l.
4.990kr.



14.990kr.
Einhell
Vnr. 74830022
EINHELL rafmagnssláttuvél, 1000W, sláttubreidd er 30 cm, hæðarstilling er 25-60 mm, 28 l safnkassi.

AFMÆLISVERÐ*
5.990kr.
Einhell
Vnr. 74830012
EINHELL rafmagns-sláttuorf 450W, sláttubreidd 30 cm.
~~7.990kr.~~





Vnr. 53323161
Warrior bensínsláttuvél, 5,0 hestöfl, 158cc, B&S fjórgengismótor, 46 cm sláttubreidd, 53 l safnkassi, 10 hæðarstillingar.
~~57.900kr.~~

AFMÆLISVERÐ*
46.900kr.



AFMÆLISVERÐ*
14.900kr.
Vnr. 53323165
WARRIOR sláttuorf, 25cc tvígengis bensínmótor, 0,7 hestöfl, sláttubreidd 38-43 cm, þyngd 3 kg.
~~17.900kr.~~



Vnr. 41624118
MOSAIC stóll, stálrammi með setu úr mósaík.
7.590kr.



AFMÆLISVERÐ*
12.990kr.
Vnr. 41624128
STEEL RATTAN borð og tveir stólar. Plast/bast, ljósbrúnt, 5 mm hert gler í borði.
~~18.990kr.~~

Vnr. 41622128
STEEL RATTAN garðsett. Borð 90x50 cm, sófi 115x60 cm, 2 stólar 60x60 cm.
~~64.995kr.~~



AFMÆLISVERÐ*
54.900kr.

* Afmælisverð gilda til 11. júlí 2012 eða á meðan birgðir endast.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

# sport

sport@frettabladid.is



**ÁRNI MÁR ÁRNASON** sundkappi úr Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar þekktist í gær boð frá Alþjóðasundsambandinu um að keppa í 50 metra skriðsundi á Ólympíuleikunum í London. Árni Már verður sjöundi fulltrúi Íslands í sundi á leikunum en Ólympíuhópur Íslendinga telur nú 27 keppendur.

**Grindavík 2-0 Valur**

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 524 Guðmundur Ársæll (7)

**1-0 Pape Mamadou Faye (11.), 2-0 Matthías Örn Friðriksson (82.)**

**Skot (á mark):** 6-7 (3-5)
**Varin skot:** Óskar 5 - Ásgeir Þór 0

**GRINDAVÍK (5-3-2):** Óskar Pétursson 7 – Matthías Örn Friðriksson 7 , Björn Berg Pryde 6, Ólafur Örn Bjarnason 6, Mikael Edlund 6, Ray Anthony Jónsson 7 - Marko Valdimar Stefánsson 6, ***Alexander Magnússon 7**, Scott McKenna Ramsay 6 (68., Hafþór Ægir Vilhjálmsson 6) - Pape Mamadou Faye 7, Magnús Björgvinsson 7 (90., Óli Baldur Bjarnason -).

**VALUR (4-5-1):** Ásgeir Þór Magnússon 5 - Brynjar Kristmundsson 5 (45., Andri Fannar Stefánsson 4), Atli Sveinn Þórarinsson 5, Halldór Kristinn Halldórsson 4, Úlfar Hrafn Pálsson 5, - Ásgeir Þór Ingólfsson 5, Guðjón Pétur Lýðsson 6, (56., Hörður Sveinsson -), Haukur Páll Sigurðsson 5 - Matthías Guðmundsson 4, Rúnar Már Sigurjónsson 6 – Kolbeinn Kárason 4 (76., Kristinn Freyr Sigurðsson -).

**Breiðablik 0-4 Keflavík**

Kópavogsvöllur, áhorf.: 756 Erlendur Eiríksson (8)

**0-1 Sigurbergur Elísson (49.), 0-2 Jóhann B. Guðmundsson (52.), 0-3 Guðmundur Steinarsson (77.), 0-4 Magnús Þorsteinsson (94.)**

**Skot (á mark):** 6-15 (3-8)
**Varin skot:** Ingvar 3 - Ómar 3

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Ingvar Þór Kale 3 - Þórður Steinar Hreiðarsson 4, Sverrir Ingi Ingason 5, Renee Troost 4, Kristinn Jónsson 5 - Finnur Orri Margeirsson 4, Jökull I Elísabetarson 5 (58. Tómas Óli Garðarsson 5), Andri Rafn Yeoman 4 - Sindri Snær Magnússon 5 (58. Arnar Már Björgvinsson 6), Petar Rnkovic 3, Elfar Árni Aðalsteinsson 3 (72. Stefán Þór Pálsson -).

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Ómar Jóhannsson 6 - Grétar Atli Grétarsson 6, Gregor Mohar 7, Haraldur Freyr Guðmundsson 7, Jóhann Ragnar Benediktsson 7 - Einar Orri Einarsson 6, Frans Elvarsson 6, Arnór Ingvi Traustason 7 - ***Sigurbergur Elísson 8**, Jóhann Birnir Guðmundsson 7 (72. Magnús Sverrir Þorsteinsson -), Guðmundur Steinarsson 7 (81. Hilmar Geir Eiðsson -).

**KR 2-1 Fylkir**

KR-völlur, áhorf.: 1.489 Valgeir Valgeirsson (5)

**0-1 David Elebert (38.), 1-1 Óskar Örn Hauksson, víti (55.), 2-1 Þorsteinn Már Ragnarsson (79.)**

**Skot (á mark):** 8-9 (4-6)
**Varin skot:** Hannes Þór 5 - Bjarni Þórður 2

**KR (4-4-2):** ***Hannes Halldórsson 7** - Magnús Lúðvíksson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 6, Rhys Weston 5 (28., Gunnar Þór Gunnarsson 5), Guðmundur Reynir Gunnarsson 4 - Dofri Snorrason 3 (45., Baldur Sigurðsson 6) Bjarni Guðjónsson 6, Atli Sigurjónsson 6 (68., Viktor Bjarki Arnarsson 6), , Óskar Örn Hauksson 6 - Emil Atlason 7, Þorsteinn Már Ragnarsson 7.

**FYLKIR(4-5-1):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Andri Þór Jónsson 6, Kristján Valdimarsson 6 (58., Finnur Ólafsson 6), David Elebert 5, Tómas Þorsteinsson 5, - Davíð Þór Ásbjörnsson 7, Ásgeir Börkur Ásgeirsson 6, Ingimundur Níels Óskarsson 7, Kjartan Ágúst Breiðdal 6 (85., Magnús Þórir Matthíasson -), Oddur Ingi Guðmundsson 5 - Jóhann Þórhallsson 6.




39.900
ALHLIÐASÖG - VELTISÖG
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
Sími: 585 2888




**HETJAN** Þorsteinn Már Ragnarsson skoraði sigurmark KR-inga í baráttuleik í Vesturbænum gegn Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# KR TRÓÐ SÉR Á TOPPINN

## KR-ingar mörðu sigur á Fylki í Vesturbænum og Grindavík vann sinn fyrsta sigur í deildinni í sumar gegn Val. Stjarnan skoraði þrjú mörk manni fleiri á Selfossi og Keflavík slátraði Breiðabliki. Framarar anda léttar eftir sigur á ÍA.

**FÓTBOLTI** KR-ingar spiluðu ekki vel á móti Fylki en unnu 2-1. Þorsteinn Már Ragnarsson og Hannes Halldórsson sáu um að bjarga KR-ingum um þrjú stig, Hannes með markvörslum sínum og Þorsteinn skoraði og fiskaði víti. Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fylkis, var ósáttur í leikslok með dómarann Valgeir Valgeirsson sem versnaði eftir því sem á leið leikinn.

„Mér leiðist að setja eitthvað út á dómarann en hann var ekki nógu góður í þessum leik,“ sagði Ásmundur og bætti því við að hann mundi ætla að hitta Valgeir eftir leik. Rúnar Kristinsson þjálfari KR var hins vegar sáttari.

„Það voru margir ungir leikmenn að spreyta sig í dag og þeir fengu dýrmætar 90 mínútur í reynslubankann.“

### Varnarleikur Blika í molum

Keflvíkingar gjörsamlega keyrðu yfir lánlausa Blika, 4-0, á Kópavogsvellinum en gestirnir skoruðu öll mörk leiksins í síðari hálfleik. Varnarleikur Blika leit virkilega illa út en að sama skapi voru sóknartilburðir Keflvíkinga flottir.

„Við vorum frábærir í síðari hálfleiknum og ég er gríðarlega stoltur af leikmönnum liðsins,“ sagði Zoran Ljubicic, þjálfari Keflavíkur, eftir sigurinn.

„Liðið skapaði sér heilan helling af færum og við hefðum í raun átt að setja fleiri mörk. Þetta er gríðarlega ungt lið og við eigum aðeins eftir að verða betri.“

### Umdeilt rautt spjald á Selfossi

Stjarnan vann góðan 3-1 útisigur á Selfyssingum í tíundu umferð Pepsi-deildarinnar í gærkvöld. Selfyssingar urðu fyrir gríðarlegu mótlæti í upphafi leiks þegar einum leikmanni þeirra var umdeilanlega vikið af velli. Heimamönnum tókst þó að komast yfir í leiknum en Stjörnumenn tóku í kjölfarið öll völd og unnu að lokum öruggan 3-1 sigur.

Logi Ólafsson, þjálfari Selfyssinga, var ósáttur í leikslok og sagði rauða spjaldið sem liðið fékk umdeilanlegt „Mér finnst þetta voðalega skrýtinn dómur. Að dæma rautt spjald þegar maðurinn er að hlaupa í átt frá markinu og ekki sloppinn inn fyrir finnst mér furðulegt,“ sagði Logi í leikslok.

### 100. sigur Guðjóns í efstu deild

Grindavík vann sinn fyrsta sigur í sumar þegar liðið lagði Val að velli 2- 0 í Grindavík í gærkvöld. Þetta var jafnframt 100. sigur Guðjóns Þórðarsonar sem þjálfara í efstu deild. Pape Mamadou Faye og Matthías Friðriksson skoruðu mörkin í sitt hvorum hálfleiknum. Guðjón var kampakátur í leikslok.

„Ég er gríðarlega ánægður með sigurinn. En ég er ánægðari með spilamennskuna því við vorum að skapa okkur fullt af færum og menn lögðu sig alla í verkefnið og það munu fleiri sigrar detta í hús með svona spilamennsku.“

### Langþráður sigur Fram

Framarar lyftu sér upp úr fallsæti deildarinnar með 2-0 sigri á Skagamönnum í Laugardal en liðið hafði ekki unnið í sex vikur.

**- bbh, - sáp, - shf, - kós, - ktd**

**Selfoss 1-3 Stjarnan**

Selfossvöllur, áhorf.: 774 Vilhjálmur Alvar (5)

**1-0 Viðar Örn Kjartansson (23.), 1-1 Alexander Scholz (40.), 1-2 Ellert Hreinsson (45.), 1-3 Kennie Chopart (81.)**

**Skot (á mark):** 8-18 (5-11)
**Varin skot:** Ismet 8 - Ingvar 4

**SELFOSS (4-5-1):** Ismet Duracak 7 - Endre Ove Brenne (14. rautt spjald) -, Agnar Bragi Magnússon 4, Stefán Ragnar Guðlaugsson - (4.,Sigurður Eyberg Guðlaugsson 5), Robert Sandnes 4 - Ólafur Karl Finsen 5(78., Joe Tillen -), Babacarr Sarr 5, Moustapha Cisse 4, Jon Andre Royrane 5, Jón Daði Böðvarsson 6, Viðar Örn Kjartansson 5 (71., Abdoulaye Ndiaye -).

**STJARNAN (4-3-3):** Ingvar Jónsson 6 - Jóhann Laxdal 6, Baldvin Sturluson 6, Daníel Laxdal 7, Hörður Árnason 6 - ***Alexander Scholz 8**, Halldór Orri Björnsson 6, Atli Jóhannsson 6 (73., Bjarki Páll Eysteinsson -) - Kennie Knak Chopart 7 (88., Hilmar Þór Hilmarsson -), Ellert Hreinsson 7 (86., Darri Steinn Konráðsson -), Garðar Jóhannsson 6.

**Fram 2-0 ÍA**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 705 Magnús Þórisson (7)

**1-0 Steven Lennon (18.), 2-0 Sveinbjörn Jónasson (54.)**

**Skot (á mark):** 7-8 (4-1)
**Varin skot:** Ögmundur 0 - Árni Snær 2

**FRAM (3-5-2):** Ögmundur Kristinsson 6 – Alan Lowing 6, Hlynur Atli Magnússon 7, Kristján Hauksson 7 - Kristinn Ingi Halldórsson 6, Halldór Hermann Jónsson 6 Samuel Hewson 7 (88., Jón Gunnar Eysteinsson -), Almarr Ormarsson 6, Sam Tillen 7, – ***Sveinbjörn Jónasson 8**, Steven Lennon 8 (76., Orri Gunnarsson -).

**ÍA (4-5-1):** Árni Snær Ólafsson 5 – Einar Logi Einarsson 5, Ármann Smári Björnsson 4, Kári Ársælsson 5, Guðjón Heiðar Sveinsson 5 – Dean Martin 6 (64., Eggert Kári Karlsson 5), Jóhannes Karl Guðjónsson 5, Mark Doninger 4 (57., Jón Vilhelm Ákason 5), Arnar Már Guðjónsson 5, Gary Martin 6 – Garðar Gunnlaugsson 3 (57., Ólafur Valur Valdimarsson 4).

## PEPSI-DEILDIN

**STAÐAN EFTIR 10. UMFERÐ**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **10** | **7** | **1** | **2** | **22-13** | **22** |
| FH | 9 | 6 | 2 | 1 | 27-9 | 20 |
| **Stjarnan** | **10** | **5** | **4** | **1** | **23-17** | **19** |
| ÍBV | 9 | 4 | 2 | 3 | 17-9 | 14 |
| **Keflavík** | **10** | **4** | **2** | **4** | **18-15** | **14** |
| Breiðablik | 10 | 4 | 2 | 4 | 8-12 | 14 |
| **ÍA** | **10** | **4** | **2** | **4** | **14-22** | **14** |
| Fylkir | 10 | 3 | 4 | 3 | 12-18 | 13 |
| **Valur** | **10** | **4** | **0** | **6** | **13-14** | **12** |
| Fram | 10 | 3 | 0 | 7 | 11-16 | 9 |
| **Selfoss** | **10** | **2** | **2** | **6** | **13-20** | **8** |
| Grindavík | 10 | 1 | 3 | 6 | 14-27 | 6 |

FH fór illa með góð færi í fyrri leiknum gegn Eschen-Mauren í Evrópudeildinni:

# Eitt mark í farteskinu hjá FH

**FÓTBOLTI** FH-ingar voru klaufar að nýta sér ekki betur yfirburði sína í 2-1 sigri á USV Eschen-Mauren í fyrri viðureign liðanna í 1. umferð forkeppni Evrópudeildar í gærkvöldi. Strax frá fyrstu mínútu var stórsókn Hafnfirðinga raunin en þeim tókst ekki að skora fyrr en rétt fyrir hálfleik.

Gestirnir svöruðu með útivallarmarki rétt eftir hálfleik en Atli Viðar Björnsson skoraði mikilvægt sigurmark Hafnfirðinga tíu mínútum fyrir leikslok.

„Þetta var erfiður leikur fyrir okkur, við vörðumst hins vegar vel og markmaðurinn okkar stóð sig frábærlega,“ sagði Uwe Wegmann, þjálfari USV-Eschen-Mauren eftir leikinn.

„Úrslitin eru ágæt frá okkar sjónarhorni, mér finnst við enn þá eiga möguleika fyrir seinni leikinn,“ sagði Uwe.

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, var skiljanlega ekki jafnsáttur og kollegi hans.

„Við spiluðum virkilega vel í fyrri hálfleik og vorum klaufar að nýta okkur ekki allan þennan aragrúa af færum sem við fengum í hálfleiknum. Í seinni hálfleik missum við aðeins dampinn þegar þeir jafna strax eftir hálfleik, við hins vegar rifum okkur upp og spiluðum flottan fótbolta síðustu 25 mínútur leiksins,“ sagði Heimir eftir leikinn.

„Við lögðum upp með það fyrir leikinn fyrst og fremst að halda hreinu, skora nokkur mörk og fara út með gott veganesti. Sigur er sigur og við erum enn þá í góðum möguleika fyrir seinni leikinn í næstu viku í Liechtenstein,“ sagði Heimir. **- kpt**



**FÆRI Í SÚGINN** Atli Guðnason, sem verið hefur eldheitur fyrir framan markið í undanförnum leikjum, fann ekki leiðina í netið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**VONBRIGÐI** Christian Olsen skaut í slá úr dauðafæri og þurfti að fara meiddur af velli í fyrri hálfleik. MYND/JAMES CROMBIE

Forkeppni Evrópudeildar ytra:

# ÍBV tapaði en staða Þórs góð

**FÓTBOLTI** Hvorki ÍBV né Þór tókst að finna leiðina í markið í viðureignum sínum í 1. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í knattspyrnu í gærkvöldi en bæði lið léku í Dublin á Írlandi.

Þórsarar, sem leika í 1. deild, gerðu markalaust jafntefli gegn Bohemians og geta vel við unað með þau úrslit.

Eyjamenn máttu sætta sig við 1-0 tap gegn St. Patrick’s en írska liðið sló Eyjamenn út úr keppninni á síðasta tímabili. Mark heimamanna kom á 39. mínútu.

Bæði lið eiga fína möguleika á áframhaldandi þátttöku í keppninni. Síðari leikirnir fara fram norðan heiða og í Eyjum næstkomandi fimmtudagskvöld. **- ktd**

# *Myllu heilkornabollur*
# LÍFSKORN
*Heilt hveitikorn & rúgur*




Brauðið er fullt af trefjum og heilkorni, án viðbætts sykurs, með lágt fituhlutfall og inniheldur lítið af salti.

VELDU HEILKORN




®

*Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörunum í sínum flokki.*

# Fáðu orku fyrir annríki dagsins

## Prófaðu Lífskorn heilkornabollur frá Myllunni

Lífskorn heilkornabollur frá Myllunni eru trefjaríkar og innihalda hátt hlutfall heilkorns. Fáðu þér bragðgóðar heilkornabollur sem eru frábærar með rjúkandi morgunkaffinu eða sem síðdegishressing. Hafðu það einfalt og þægilegt, fáðu þér Lífskorn heilkornabollur.

Með heilkornabollum Myllunnar seturðu hollustuna í forgang. Bollurnar eru ríkar af B-vítamínum, próteini og steinefnum sem eru líkamanum nauðsynleg. Mundu eftir Heilkornabollum Myllunnar sem eru hollar og bragðgóðar og veita þér kraft til að takast á við verkefni dagsins.

*Skoðaðu Lífskornabollur á* **myllan.is**

*Kynntu þér* **heilsustefnu Myllunnar**

*Taktu þátt í umræðunni á* **Facebook**

trefjaríkt ★★★★★




Lífskorn
- Fita **3g**/100g
- Sykur **0g**/100g
- Natríum **0,49g**/100g
- Trefjar **7g**/100g
- Heilkorn **75%** af mjöli

MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ

> Stöð 2 kl. 20.05

## Evrópski draumurinn

***Annar þátturinn af Evrópska draumnum er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Sveppi og Pétur halda til Barcelona þar sem þeirra bíður „hættuleg" þraut á sama tíma og Auddi og Steindi hertaka Prag og fara í skrautlega skrið-drekaferð.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SARA MCMAHON ENDURNÝJAR KYNNI

# *Hláturinn lengir lífið*

Fyrir ekki allt svo löngu fór ég loks að ráðleggingum vinkonu og horfði á gamanþættina Arrested Development. Ég horfði á fyrstu þáttaröðina í einum rykk og svo þá næstu og hafði gaman af. Síðan leið ár og annað og brandararnir í Arrested Development féllu í gleymskunnar dá. Þar til núna. Nú gefst mér kostur á að rifja upp þessa gömlu, góðu brandara skömmu eftir fréttir alla virka daga á Stöð 2.

Þrátt fyrir að hafa séð þetta allt áður rek ég samt upp hláturroku þegar systkinin Lindsay og Gob taka kjúklingadansinn. Ég flissa samt yfir kvikindisskapnum í hinni drykkfelldu Lucille, sem Jessica Walter leikur svo listavel. Þrátt fyrir að hafa séð þetta allt áður get ég samt skemmt mér yfir hinum misheppnaða Tobias Fünke, eiginmanni Lindsay, sem nær engum frama sem skemmtikraftur.



Já, það er sannarlega gaman að hitta þessa gömlu kunningja mína aftur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Af minnisstæðu fólki **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Þar sem ennþá Öxará rennur **14.00** Fréttir **14.03** Söngleikir okkar tíma **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Eyjar fyrir Austurlandi **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Djassvisjón Evrópu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlist fólksins **20.00** Leynifélagið **20.30** Andlit sjúkdóms **21.30** Kvöldsagan: Innansveitarkronika **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Liðast um landið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.55 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**17.20 Leó**

**17.23 Snillingarnir**

**17.50 Galdrakrakkar**

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Hið sæta sumarlíf** (5:6) (Det søde sommerliv) Dönsk matreiðsluþáttaröð. Mette Blomsterberg reiðir fram kræsingar sem henta vel á sumrin.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Popppunktur** (1:8) (Heilsunuddarar - Útfararstjórar) Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni starfsgreina.

**20.45 Á góðum degi** (On a Clear Day) Skipasmiður í Glasgow missir vinnuna og ákveður að lappa upp á sjálfsálitið með því að synda yfir Ermarsund. Leikstjóri er Gaby Dellal og meðal leikenda eru Peter Mullan, Brenda Blethyn, Jamie Sives og Billy Boyd.

**22.25 Dráparinn – Dráparinn: Útópía** (2:6) (Den som dræber) Um æsispennandi leit dönsku lögreglunnar að raðmorðingja.

**23.50 Míla af mánaskini** (Moonlight Mile) Ungur maður syrgir kærustu sína með foreldrum hennar eftir að hún deyr af slysförum en verður svo ástfanginn af annarri konu. Leikstjóri er Brad Silberling og meðal leikenda eru Jake Gyllenhaal, Dustin Hoffman og Susan Sarandon.

**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Butch Cassidy and the Sundance Kid**

**10.00 The Wedding Singer**

**12.00 Next Avengers: Heroes of Tomorrow**

**14.00 Butch Cassidy and the Sundance Kid**

**16.00 The Wedding Singer**

**18.00 Next Avengers: Heroes of Tomorrow**

**20.00 Mad Money**

**22.00 Obsessed**

**00.00 The Things About My Folks**

**02.00 Premonition**

**04.00 Obsessed**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.45 Malcolm in the Middle** (5:16)

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (163:175)

**10.15 Sjálfstætt fólk** (8:30)

**10.55 The Glades** (9:13)

**11.45 Cougar Town** (3:22)

**12.10 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (5:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 The Sorcerer's Apprentice** Spennandi ævintýramynd með Nicolas Cage í hlutverki aldagamals seiðkarls sem finnur sér ungan lærling til að aðstoða sig við að verja New York-borg gegn illum öflum.

**14.45 The Cleveland Show** (9:21)

**15.05 Tricky TV** (4:23)

**15.30 Sorry I've Got No Head**

**16.00 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Simpson-fjölskyldan** (22:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 American Dad** (4:19)

**19.40 Simpson-fjölskyldan** (16:22)

**20.05 Evrópski draumurinn** (2:6)

**20.40 So You Think You Can Dance** (5:15) Það er komið að niðurskurði í Vegas.

**22.05 Cirque du Freak. The Vampire's Assistant** Spennandi og ævintýraleg mynd um unglingspilt sem lendir í slagtogi við vampýrur og leggur upp í ferðalag með farandsirkus mönnuðum ýmsum furðuskepnum.

**23.55 Romancing the Stone** Ævintýraleg og rómantísk spennumynd með Kathleen Turner og Michael Douglas. Systur Joan Wilder er rænt og hún heldur til Kólumbíu til að freista þess að bjarga henni.

**01.40 The New Monsters Today** Ítölsk gamanmynd sem fjallar á skondinn hátt um lesti og bresti nokkurra ólíkra manneskja.

**03.25 The Sorcerer's Apprentice**

**05.10 Simpson-fjölskyldan** (16:22)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**

**09.00 Formúla 1: Bretland - Æfing 1** BEINT frá fyrstu æfingu ökumanna fyrir kappaksturinn í Silverstone á Bretlandi.

**13.00 Formúla 1: Bretland - Æfing 2** BEINT frá annarri æfingu ökumanna fyrir kappaksturinn í Silverstone á Bretlandi.

**17.00 Shellmótið** Sýndar svipmyndir frá mótinu sem fór fram í Vestmannaeyjum.

**17.50 Arnold Classic** Sýndar svipmyndir frá mótinu sem fram fór í Columbus í Ohio.

**18.30 Pepsi deild kk: Fram - ÍA**

**20.20 Pepsi mörkin**

**21.30 UFC 117** Utsending fra UFC 117 þar sem voru mættir margir af snjöllustu bardagamönnum heims.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Man. Utd. - Man. City**

**20.00 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**21.00 Premier League World**

**21.30 Bolton - Stoke**

**23.15 Maradona 1** Þættir um bestu knattspyrnumenn veraldar fyrr og síðar en i þessum þætti verður fjallað um sjalfan konginn, Diego Armando Maradona.

**23.40 PL Classic Matches: Newcastle - Sheffield Wednesday**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (152:175)

**20.10 Friends** (1:24)

**20.35 Modern Family** (1:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Masterchef USA** (7:20)

**22.30 The Closer** (9:21)

**23.15 Fringe** (3:22)

**00.00 Rescue Me** (20:22)

**00.45 Evrópski draumurinn** (2:6)

**01.20 Friends** (1:24)

**01.45 Modern Family** (1:24)

**02.10 The Doctors** (152:175)

**02.50 Fréttir Stöðvar 2**

**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.25 Hæfileikakeppni Íslands** (3:6) (e) Leitin að hæfileikaríkasta Íslendingnum. Dómnefndina skipa Anna Svava Knútsdóttir, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson. Þátturinn er í umsjá fjöllistamannsins Sóla Hólm.

**17.15 Rachael Ray**

**18.00 90210** (23:24) (e)

**18.50 America's Funniest Home Videos** (14:48) (e) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**19.15 Will & Grace** (18:27) (e)

**19.40 The Jonathan Ross Show** (3:21) (e) Kjaftfori séntilmaðurinn Jonathan Ross er ókrýndur konungur spjallþáttanna í Bretlandi. Jonathan er langt í frá óumdeildur en í hverri viku fær hann til sín góða gesti.

**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar.

**21.15 The Biggest Loser** (9:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.

**22.45 HA?** (19:27) (e)

**23.35 Prime Suspect** (10:13) (e)

**00.20 The River** (3:8) (e)

**01.10 Jimmy Kimmel** (e)

**01.55 Jimmy Kimmel** (e)

**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **12.00** Golfing World **12.55** Golfing World **13.45** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **17.45** Inside the PGA Tour (27:45) **18.10** Golfing World **19.00** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (2:4) **23.00** PGA Tour - Highlights (24:45) **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.20** Keeping Up Appearances **07.20** One Foot in the Grave **07.55** Dalziel and Pascoe **09.35** Deal or No Deal **10.10** One Foot in the Grave **10.45** Come Dine With Me **11.35** QI **12.35** Keeping Up Appearances **13.35** One Foot in the Grave **14.40** Top Gear **15.35** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.50** QI **21.20** Shooting Stars **21.50** Peep Show **22.14** Live at the Apollo **23.00** Top Gear **23.50** The Graham Norton Show

## DR 1

**10.35** 80'erne tur retur **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie's Great Britain **14.00** Professor Balthazar **14.10** Olivia **14.20** Timmy-tid **14.30** Snip Snap Snude **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hva' så Danmark? **19.00** TV Avisen **19.30** Aftentour 2012 **19.50** Helt sikkert...måske **21.35** Crazy **23.15** Arvingen til Glenbogle

## NRK 1

**09.10** Dallas **10.00** NRK nyheter **10.10** Omringet **11.35** Ut i naturen **12.00** Danmark fra kyst til kyst **13.00** NRK nyheter **13.05** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.05** Matador **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommeråpent **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Tegnspråknytt **16.10** Norsk attraksjon **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** 20 spørsmål **18.00** Friidrett. Diamond League **20.00** Åge og damene **21.05** Kveldsnytt **21.20** Tudors **22.10** Pop-perler fra 60-tallet **23.10** Reconstruction

## svt1

**10.35** Svart på vitt **10.40** Gravid i höga klackar **11.25** Här är ditt kylskåp **11.55** Kändisbarnvakten **12.35** Schmokk **13.30** Friday night dinner **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Married Single Other **15.45** Humor godkänd av staten **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det goda livet **17.05** En bondes längtan **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Macken **18.35** Eighties **19.05** Inglourious Basterds **21.35** Rapport **21.40** Unfaithful **23.40** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Sumardagar!

## Full búð af vörum á frábæru Dormaverði!



# Nature's Rest

HEILSURÚM

Aðeins kr.
**11.371,-**
í 12 mánuði*

STÆRÐ 180X200

FRÁBÆR KAUP




**Dorma-verð**

**Nature's Rest**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 44.900,- | 76.900,- |
| 100x200 | 46.900,- | 80.900,- |
| 120x200 | 53.900,- | 89.900,- |
| 140x200 | 55.900,- | 99.900,- |
| 160x200 | 65.900,- | 114.900,- |
| 180x200 | 75.900,- | 127.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm$^2$

## Dorma sængurverin komin aftur, margir litir – aðeins 6.990,- kr.



## Svefnsófar í sumarbústaðinn og gestaherbergið.

Svefnsvæði 120x195 cm
Einnig til án arma.

Daisy svefnsófi
**kr. 89.900,-**
BRÚNN & GRÁR



Með rúmfatageymslu

# Dorma handklæði

Mjúk og vönduð handklæði í fallegum sumarlitum.

Smá lúxus fyrir hvern dag, þessi yndislegu 500 gsm handklæði eru þung og efnismikil. Ótrúlega mjúk og þerra einstaklega vel. Stílhrein, falleg og eru til í 8 litum.





| Vara | Verð | Stærð |
|---|---|---|
| Baðhandklæði | kr. 1.699,- | 70 x 140 cm |
| Handklæði | kr. 899,- | 50 x 100 cm |
| Gestahandklæði | kr. 499,- | 40 x 60 cm |
| Þvottapoki | kr. 129,- | 15 x 21 cm |
| Baðmotta | kr. 1.499,- | 85 x 50 cm |

**OPIÐ**
**Holtagörðum**
**Virka daga frá kl. 10-18**
**Lau frá kl. 11-16**

# DORMA

– býður góða nótt

**Pöntunarsími**
**☎ 512 6800**
**www.dorma.is**

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Það er lagið Girls Just Want to Have Fun með Cindy Lauper. Klassískt og gott.“*

Þórunn Antonía Magnúsdóttir tónlistarkona.

# Weinstein gestgjafi opnunar Evu Maríu

„Það var yndislegt af Harvey að vera gestgjafi opnunarinnar en hann hefur stutt okkur mikið í þessu verkefni,“ segir Eva María Daníels, kvikmyndaframleiðandi og stofnandi netgallerísins Gallery for the People, sem var með opnun á dögunum í Los Angeles.

Eva María og félagi hennar, Ally Canosa, stofnuðu galleríið fyrr á þessu ári og er það einungis á netinu. Fjórum sinnum á ári er galleríið hins vegar með sýningar þar sem væntanlegum kaupendum gefst tækifæri til að skoða verkin með eigin augum. Síðasta sýning var haldin í Los Angeles í síðustu viku en þær voru svo heppnar að einn stærsti kvikmyndaframleiðandi í Hollywood, Harvey Weinstein, var gestgjafi opnunarinnar. Hann hefur reynst Evu Maríu og Canosa vel eftir að þær opnuðu galleríið og fest kaup á nokkrum verkum. „Síðan við opnuðum galleríið í mars hefur hann keypt af okkur nokkur verk en opnunin í síðustu viku gekk rosa vel og það var fjölmennt,“ segir Eva María en hluti af ágóða sýningarinnar rann til félagsins The Art of Elysium. „Það var meiri háttar að fá að styrkja gott málefni í leiðinni en félagið hvetur leikara, listamenn og tónlistarmenn til að sinna og verja tíma sínum með langveikum börnum.“

Eva María er að gera það gott sem framleiðandi í borg englanna og er með mörg járn í eldinum. Listagalleríið er eins konar hliðarverkefni hjá Evu Maríu en tvær kvikmyndir, þar sem hún er meðframleiðandi, verða frumsýndar í haust: Goats, sem skartar David Duchovny og Veru Farmiga í aðalhlutverkum, og What Maisie Knew með Alexander Skarsgård og Julianne Moore. „Goats fer loksins í kvikmyndahús hér þann 10. ágúst og What Maisie Knew verður sýnd á Toronto-hátíðinni í september. Það er nóg að gera og mörg verkefni í þróun sem of snemmt er að tala um á þessu stigi.“ **- áp**



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Eva María með framleiðandanum Harvey Weinstein og viðskiptafélaga sínum Ally Canosa.

# *Lay Low í einkaflugvél milli landshluta*

„Eftir mikla leit á öllum vígstöðvum stökk Guðmundur Már Þorvarðarson, vinur Smára Tarfs, til og reddaði flugvél,“ segir Kristín Andrea Þórðardóttir, einn aðstandenda tónlistarhátíðarinnar Rauðasandur Festival sem fer fram um helgina á Vestfjörðum.

Fjöldi íslenskra tónlistarmanna leggur leið sína vestur á firði um helgina en tveir þeirra, Lay Low og Smári Tarfur, lentu hins vegar í vandræðum er þau voru kölluð til að spila á tónleikum í Reykjavík á laugardaginn. Til að ekki þyrfti að fresta neinum tónleikum varð lausnin því sú að leigja einkaflugvél sem ferjar tónlistarmennina á milli landshluta.

„Lay Low var skyndilega kölluð til af Of Monsters and Men því þau eru með tónleika í Hljómskálagarðinum á morgun og vildu fá hana til að hita upp. Hún var með þeim á Bandaríkjatúrnum og því lá beinast við að hún yrði með á morgun líka,“ segir Kristín en Smári á einnig að spila síðdegis á laugardaginn í Reykjavík með hljómsveit sinni Ylju. „Þau spila því bæði sín sett í Reykjavík og fljúga svo beint vestur á einkaflugvél til að taka lagið hér. Þannig ná þau að spila fyrir alla og allir glaðir.“

Rauðasandur Festival hefst í kvöld og stendur fram á sunnudag en hátíðin leggur áherslu á huggulega tónleika í fallegri náttúru. Auk Lay Low, Smára Tarfs og Ylju koma meðal annars fram Snorri Helgason, Prins Póló og Johnny Stronghands.

**- áp**



**ALLIR GLAÐIR** Lay Low og Smára Tarfi verður flogið í einkaflugvél vestur á firði þar sem Rauðasandur Festival fer fram um helgina en þau þurfa bæði að spila í Reykjavík á sama tíma.





FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## GIST Á JÖKLI

**Pétur Haukur Loftsson**, starfsmaður hjá Pure Adventures, fer með ferðamenn upp á Langjökul í sumar. Ferðafólki gefst í fyrsta sinn kostur á að gista á jöklinum.

PÉTUR HAUKUR LOFTSSON: ÞÖGNIN UPPI Á JÖKLINUM ER ALGJÖR

# Ferðamönnum boðið að gista á jökli í fyrsta skipti

„Þetta er í fyrsta sinn sem ferðamönnum gefst kostur á að eyða nótt uppi á íslenskum jökli,“ segir Pétur Haukur Loftsson, starfsmaður hjá Pure Adventures, en fyrirtækið skipuleggur ferðir upp á Langjökul í samstarfi við Add Ice.

Fyrsta ferðin var farin á mánudag og var þá ekið á átta dekkja trukki upp á Langjökul frá skálanum Jaka, komið við í tjaldbúðum í um 1.200 metra hæð og því næst farið alla leið upp á topp jökulsins. Þaðan gátu ferðamennirnir notið útsýnis til allra átta áður en farið var aftur í búðirnar þar sem fólk fékk mat, drykk og gistingu í sérútbúnum jökultjöldum. Að sögn Péturs Hauks tekur ferðafólkið fullan þátt í þeim verkum sem þarf að inna af hendi í tjaldbúðunum og aðstoða þannig við eldamennsku og vatnssöfnun.

Pétur Haukur segir það einstaka upplifun að eyða nótt uppi á Langjökli enda sé friðsældin mikil. „Þögnin er algjör, maður heyrir ekkert nema mögulega í einstaka flugvél. Svo vaknar maður morguninn eftir með einstakt útsýni sem má hiklaust kalla milljón dala útsýni,“ segir hann.

Fyrirtækið býður upp á þrjár ólíkar ferðir á jökulinn. Sú fyrsta felur í sér akstur til og frá Reykjavík ásamt jöklaferðinni, næsta inniheldur einungis jöklaferðina og hentar því vel ferðamönnum sem eru á eigin bíl og loks er boðið upp á Gyllta hringinn á bakaleiðinni í þeirri þriðju. Ferðirnar kosta frá 65 þúsund til 85 þúsund krónur á mann og er tólf ára aldurstakmark.

Pétur Haukur tekur fram að fólk þurfi að vera vel búið ætli það upp á jökulinn og því dugi ekki að mæta í strigaskóm. „Fólk þarf auðvitað að vera vel skóað og í hlýjum fatnaði. Annars er þetta ekki líkamlega krefjandi og ætti því að henta öllum sem vilja prófa eitthvað nýtt og spennandi.“

Boðið er upp á jöklagistingu fram til 1. september og aftur frá og með 1. maí á næsta ári.

**sara@frettabladid.is**

## krakkasíðan

*krakkar@frettabladid.is*



**Björn Daníel Sverrisson byrjaði að æfa fótbolta 5 ára gamall**

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**

# Helgi með fimm plötur á topp 20

„Ertu ekki að grínast? Ég er bara í sjokki, hefur þetta nokkurn tímann gerst áður?“ spurði auðmjúkur Helgi Björnsson þegar blaðamaður náði af honum tali og tilkynnti honum um þann frábæra árangur hans að eiga fimm plötur á topplista Tónlistans yfir 20 söluhæstu plötur landsins.

Ný plata Helga og reiðmanna vindanna, Heim í heiðardalinn, kom út um miðja síðustu viku og hefur verið dreift í tæplega 3.500 eintökum. Hún fór beint á topp listans, sem birtur var í gær. Aðrar plötur Helga á listanum eru plötur hans og reiðmanna vindanna, Ég vil fara upp í sveit í 12. sæti, Ríðum sem fjandinn í 14. sæti og Þú komst í hlaðið í 19. sæti. Platan Helgi Björnsson – Íslenskar dægurperlur í Hörpu situr svo í í 15. sæti listans.

Aðspurður hver galdurinn á bak við velgengnina væri sagðist Helgi engin svör eiga við því. „Þetta eru auðvitað lög sem eru þekkt og hafa unnið fyrir sér áður, en svo geri ég þetta af hjartahlýju og virðingu fyrir þessari tónlist og ætli það sé ekki bara að skila sér,“ sagði hann. Hann sagðist fullur þakklætis og gleði yfir því að þessar þjóðaperlur næðu að öðlast nýtt líf með nýjum kynslóðum. „Ég var til dæmis að spila á Landsmóti um daginn og þótti mjög vænt um að sjá þar fólk á öllum aldri taka undir í lögunum,“ sagði hann.

Það er búið að vera mikið að gera hjá Helga að undanförnu og sagðist hann vera að niðurlotum kominn og ætla að taka sér smá hvíld núna. „Ég ætla bara að njóta þess að vera til, sleikja sólina og reyna að flækja mig ekki í nein verkefni. Það er samt alltaf mjög auðvelt að flækja sig í ný verkefni,“ sagði hann og hló. **- trs**



**FULLUR ÞAKKLÆTIS** Helgi er að vonum afar ánægður og þakklátur fyrir gott gengi platna sinna hérlendis, en svo virðist sem landinn kunni vel að meta allt sem hann gerir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Europris

**79**
**COCA COLA**
33 cl



TILBOÐIN GILDA 4.7.–10.7. 2012
EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



Borð + 2 stólar
Sparaðu kr 3280

**6990**

**GARÐSETT**
Tveir stólar og borð
Stakur stóll, kr 3290
Stakt borð, kr 3690
Ath! Sessur fylgja ekki

Pakkatilboð!
Sparaðu kr 8990
Trampólín + öryggisnet




**45.990**

**TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET**
Ø 3,65 metrar
Trampólín, 3,65 m, kr 34.990
Öryggisnet fyrir trampólín 3,65 m, kr 19.990

DENVER



**15.999**

**7" DVD FERÐASPILARI DENVER**



**990**

**ÚTILEGUSTÓLL**
Burðarpoki fylgir



**69**

**GOS - 33 CL**
Coca Cola Light, Coca Cola Zero, Fanta og Sprite Zero



**69**

**NIKOLINE**
33 cl, þrjár tegundir



**frá 3990**

**FERÐATÖSKUR EVA**
46 cm, kr 3990
61 cm, kr 5490
68 cm, kr 8990



MELISSA

**8990**

**ÖRBYLGJUOFN**
17 ltr, 700 W
Fæst í hvítu og svörtu

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Safna undirskriftum

BIN-hópurinn hrindir af stað undirskriftasöfnun á netinu eftir helgi í þeirri von að stöðva yfirvofandi framkvæmdir í miðbænum varðandi gamla Landsímahúsið og skemmtistaðinn Nasa. BIN stendur fyrir Björgum Ingólfstorgi og Nasa og hefur hópurinn hist reglulega vegna málsins síðan 2009. Meðal þeirra 12 sem skipa kjarna hópsins eru söngvarinn **Páll Óskar** og Halla Bogadóttir, kennd við verslunina Kraum. Nú þegar hafa nokkrir undirskriftalistar verið í gangi vegna málsins en enginn á vegum BIN-hópsins. Þessi listi verður afhentur Alþingi, Reykjavíkurborg og Húsafriðunarnefnd og verður hann kennitöluvarinn.



### Stuð í sendiráðinu

**Luis E. Arreaga**, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, bauð venju samkvæmt til heljarinnar veislu í sendiráðinu á miðvikudag, 4. júlí, í tilefni þjóðhátíðardags Bandaríkjanna. Margt var um manninn og meðal gesta voru ýmsir sem komu að tökum Hollywood-stórmyndarinnar Oblivion hér á landi, þar á meðal leikkonan **Olga Kurylenko** sem leikur aðalkvenhlutverkið á móti Tom Cruise. Meðal íslenskra gesta í veislunni má nefna Þóru Arnórsdóttur og eiginmann hennar Svavar Halldórsson, Gunnar Þórðarson, tónlistarmann, Kjartan Ragnarsson, leikstjóra, Ara Eldjárn uppistandara, og Helgu Brögu Jónsdóttur leikkonu. Þá var erlendum sendiherrum á Íslandi boðið til veislunnar auk vitaskuld Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra.



- trs, mþl

## Mest lesið vísir

1. Strandvörður rekinn fyrir að bjarga lífi sundmanns
2. Sveddi tönn tekinn höndum í Brasilíu
3. Skyttur í viðbragðsstöðu að Geitafelli
4. Íslensk selalátur gætu lokkað sundfima hvítabirni
5. Ekki víst að hvítabjörninn verði felldur





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS




